

ÁRSSKÝRSLA 2001



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN
2002

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: Ársskýrsla 2001.
Ritstjórn: Einar Sigurðsson (ábm.) og Örn Hrafnkelsson.

EFNISYFIRLIT

STJÓRNSÝSLA	7
Stjórn.....	7
Safnráð.....	7
Almennir starfsmannafundir.....	7
Háskólafundur.....	7
Fyrsti vinnudagur ársins.....	7
Embætti landsbókavarðar.....	8
Árangursstjórnunarsamningur.....	8
Frumvarp um skylduskil.....	8
Rafræn gögn.....	8
Kjarasamningar.....	9
Alþjóðlegt tímaritsnúmer – ISSN.....	9
Bókasafnið sjö ára.....	10
Háskólaþjónusta.....	10
Viðbygging við Þjóðarbókhöðdu.....	10
Um gengni við safnkostinn.....	11
Mötuneyti.....	11
Heilsuverndarmál.....	11
Listaverk.....	11
Safnminjar.....	12
Kynningarmál.....	12
Vefir safnsins.....	13
Myndgagnagrunnur handrita.....	13
Ísmús.....	13
FJÁRMÁL	13
Þróun fjármála og fjárveitinga.....	13
SJÓÐIR OG STYRKIR	14
Nýsköpunarsjóður námsmanna.....	14
Rannsóknarleyfi.....	14
Rannsóknarsjóður Háskóla Íslands.....	15
Norræni menningarsjóðurinn.....	15
Þjóðhátíðarsjóður.....	15
Styrkur frá NORDINFO til starfaskipta.....	15
Atvinnuleysisstryggingasjóður.....	15
Aðrir styrkir.....	15
AÐFANGAÐEILD	16
Hlutverk.....	16
Skylduskil.....	16
Ritakaup.....	16
Tímaritahald.....	17
Bókasafnsfulltrúar/bókasafnsnefndir deilda.....	17
Keyptur aðgangur að gagnasöfnum um Netið.....	17
Gjafir.....	18
Ritaskipti og rit alþjóðastofnana.....	19
Samskrá um erlend tímarit.....	19
NOSP.....	19
Alþjóðlegt bóknúmer (ISBN).....	19

Alþjóðlegt tímaritsnúmer (ISSN).....	20
Rannsóknarleyfi	20
HANDRITAEILD	20
Hlutverk	20
Stöðugildi	20
Afgreiðsla handrita.....	20
Aðföng	21
Dagbækur háskólastúdenta	23
Tölvukerfi til skráningar á handritum	23
SKRÁNINGARDEILD.....	23
Hlutverk	23
Almennt yfirlit	23
Efnisgreining, efnisorðaskrár, flokkunarkerfi	24
Skráning	24
Samvinna við aðildarsöfn og samskrárþjónusta	24
UPPLÝSINGAEILD	24
Hlutverk	24
Upplýsingaþjónusta.....	25
Handbókarými.....	25
Aðgangur að rafrænum gögnum – Tölvuleitir	25
Vefur safnsins	26
Notendafræðsla	26
Bæklingar	26
Starfsmenn	27
Ýmsar kynningar og námskeið	27
Önnur verkefni	27
Tón- og mynddeild.....	27
ÚTLÁNADEILD	28
Hlutverk	28
Afgreiðslutími	28
Notendaþjónusta og afgreiðsla.....	28
Útlán.....	28
Bæklingar	28
Ritakostur.....	30
Lesrými	31
Námsbókasafn.....	32
Millisafnalán	32
Útibú utan Þjóðarbókhlöðu	33
ÞJÓÐDEILD	35
Hlutverk	35
Lánþegar	35
Starfsmenn deildar	35
Varaeintakasafn.....	35
Bókminjasafn	35
Sérsöfn	36
Ýmislegt.....	36
Sýningar þjóðdeildar	36
KVENNASÖGUSAFN ÍSLANDS	36

STODDEILDIR.....	37
Bókbandsstofa.....	37
Myndastofa.....	37
Viðgerðarstofa.....	38
Fjölföldun og fjölföldunarstofa.....	38
Tölvuþjónusta – Upplýsingakerfi Landsbókasafns.....	38
Kerfisþjónusta.....	39
Rafræn gögn.....	39
ÞRÓUNARVERKEFNI Í UPPLÝSINGATÆKNI.....	40
Sagnanetið.....	40
VESTNORD (Tímarit og blöð á Netinu).....	41
Vefsöfnun.....	41
REKSTUR HÚSS OG LÓÐAR.....	42
Hlutverk.....	42
Framkvæmdir.....	42
Þrif.....	43
Ýmislegt.....	44
Lóð.....	44
Bílastæði.....	44
Varaeintakasafn í Reykholti.....	44
FUNDIR, RÁDSTEFNUR, NÁMSKEIÐ OG KYNNISFERÐIR.....	45
FÉLAGS- OG NEFNDASTÖRF.....	58
RITVERK OG ERINDI.....	60
ÚTGÁFURIT SAFNSINS.....	64
SÝNINGAR OG SAMKOMUR.....	64
Janúar.....	64
Febrúar.....	64
Mars.....	65
Apríl.....	65
Maí.....	66
Júní.....	66
Júlí.....	66
Ágúst.....	66
September.....	66
Október.....	67
Nóvember.....	67
Desember.....	68
GESTAKOMUR.....	68
YFIRLIT YFIR STARFSMENN 31. DESEMBER 2001.....	69
STARFSMANNAFÉLAGIÐ.....	71
TÖFLUR.....	73
Tafla 1: Aðföng 2000–2001.....	73
Tafla 2: Skráningardeild 1996–2001.....	74
Tafla 3: Fjöldi lánþega 1995–2001.....	75
Tafla 4: Fjöldi útlána 1995–2001.....	75
Tafla 5: Millisafnalán 1995–2001.....	75
Tafla 6: Útgáfa bóka og hljóðrita 1994–2000.....	76
Tafla 7: Þjóðdeild 1995–2001.....	76
Tafla 8: Handritadeild 1995–2001.....	76
Tafla 9: Upplýsingaþjónusta 1995–2001.....	77

Tafla 10: Þjónusta í tón- og mynddeild 1997–2001.....	77
Tafla 11: Myndastofa 2000–2001	77
Tafla 12: Bókbandsverk 1999–2001	78
Tafla 13: Yfirlit yfir stöðugildi áráanna 1995–2001.....	78
Tafla 14: Rekstrargjöld 1995–2001 (í þús. króna).....	79

STJÓRNSÝSLA

Stjórn

Skipunartímabil núverandi stjórnar er 1. september 1998 – 1. september 2002. Stjórnarmenn 2001 voru hinir sömu og fyrra ár: Jóhannes Nordal formaður, Vésteinn Ólason varaformaður, Kristín Indriðadóttir, Margrét S. Björnsdóttir og Vilhjálmur Lúðvíksson. Fulltrúi starfsmanna: Sjöfn Kristjánsdóttir. Vegna rannsóknarleyfis Margrétar S. Björnsdóttur tók varamaður hennar, Jón Ingólfur Magnússon, sæti hennar frá 1. september. Stjórnin hélt fjórtán fundi á árinu, og voru hinir fimm síðustu alfarið helgaðir umfjöllun um umsóknir um embætti landsbókavörðar.

Safnráð

Safnráð var eins skipað og fyrra ár: Einar Sigurðsson landsbókavörður, Þorsteinn Hallgrímsson aðstoðarlandsbókavörður, Edda G. Björgvinsdóttir fjármálastjóri, Herdís Þorgrímsdóttir starfsmannastjóri, Áslaug Agnarsdóttir forstöðumaður útlána-deildar, Guðrún Karlsdóttir forstöðumaður skráningardeildar, Halldóra Þorsteinsdóttir forstöðumaður upplýsingadeildar, Kristín Bragadóttir forstöðumaður þjóðdeildar, Þorleifur Jónsson forstöðumaður aðfangadeildar og Ögmundur Helgason forstöðumaður handritadeildar. Safnráðið hélt tuttugu fundi á árinu.

Almennir starfsmannafundir

Almennir starfsmannafundir voru haldnir 14. júní, 23. október, 30. nóvember og 19. desember.

Meðal efnis á fundunum var kynning á nýjum vef safnsins, einnig innri vef þess, *Inngangi*. Þá voru rædd mótuneytismál, fyrirkomulag matar- og kaffitíma og helstu nýmæli í safnstarfinu, svo sem kerfisskipti, landsaðgangur að rafrænum gögnum, varaeyntakasafn o.fl.

Háskólafundur

Samkvæmt 8. grein laga nr. 45 um Háskóla Íslands frá 11. mars 1999 var stofnað til svokallaðs háskólafundar. Til fundarins eru valdir eftir sérstökum reglum um 65 fulltrúar, þar af um 45 atkvæðisbærir, og hefur Landsbókasafn einn slíkan. Stjórn safnsins tilnefndi landsbókavörð sem fulltrúa þess fyrsta tveggja ára tímabilið og aftur frá 1. júlí 2001 til næstu tveggja ára.

Háskólafundur kemur saman tvisvar á ári, einn til tvo daga í senn. Meðal þess sem unnið hefur verið að á vettvangi háskólafundar eru þróunaráætlanir deilda og stofnana til næstu ára. Safnið skilaði skýrslu í þessa veru 20. september, en lokaumfjöllun um skýrslurnar fór fram á háskólafundi 1. nóvember.

Fyrsti vinnudagur ársins

Safnið hefur frá og með árinu 1997 verið haft lokað fyrsta vinnudag ársins, sem að þessu sinni bar upp á þriðjudaginn 2. janúar.

Starfsmenn sinntu fyrir hádegi ýmsum innri störfum, og kerfin í húsinu voru prófuð. Eftir hádegi var samkoma í fyrirlestrasalnum þar sem starfsmönnum var kynnt staðan í þróunarverkefnum á sviði upplýsingatækni, tölvumála og kerfismála. Deginum lauk að vanda með samkomu í veitingastofunni fyrir starfsmenn og stjórn. Landsbókavörður flutti þá ávarp þar sem hann rifjaði upp hið helsta úr starfsemi liðins árs og leit til helstu verkefna sem við blöstu á nýbyrjuðu ári.

Embætti landsbókavörðar

Samkvæmt þágildandi lögum um safnið var Einar Sigurðsson skipaður landsbókavörður frá 1. október 1994 til 30. september 2000. Skipun Einars var framlengd til 31. mars 2002, en hann hafði kosið að láta þá af störfum. Embættið var auglýst laust til umsóknar 26. október með umsóknarfresti til 19. nóvember. Umsækjendur voru: Dr. Einar G. Pétursson, Hrafnhildur Hreinsdóttir, Ólafur Ásgeirsson, dr. Sigrún Klara Hannesdóttir, Steingrímur Jónsson, Sveinn Ólafsson og Þorsteinn Hallgrímsson. – Einar G. Pétursson dró umsókn sína til baka 17. desember.

Stjórn safnsins fékk umsóknirnar til umsagnar 20. nóvember, en hafði ekki lokið umfjöllun sinni við árslok.

Árangursstjórnunarsamningur

Um er að ræða annað ár hins þriggja ára tímabils sem samningurinn tekur til. Áskilið er í samningnum að safnið skili menntamálaráðuneyti skýrslu árlega um hvernig til hefur tekist. Skýrsla fyrir árið 2001 var send ráðuneytinu 18. janúar 2002, og síðan átta forráðamenn safnsins fund með starfsmönnum í ráðuneytinu viku síðar.

Meginniðurstaðan var sú að flestir þættir í rekstrinum væru jákvæðir og í góðu samræmi við samninginn, svo sem stóruaflinn aðgangur að þekkingu fyrir tilstilli hinna rafrænu miðla, kaup á landskerfi fyrir bókasöfn, opnun Sagnanetsins, stofnsetning sérstaks varaeintakasafns og opnun nýrra vefsetra í safninu, bæði hins almenna og innra netsins. Einnig voru markverð skref stigin í þjónustu við háskólann, og mikilvæg hjálpargögn á vettvangi bókfræðilegrar stjórnar komust á góðan rekspöl.

Neikvæðust var sú óvissa sem ríkti um fjárhag aðfanga rafrænna gagna og um uppsetningu varaeintakasafnsins í Reykholti.

Frumvarp um skylduskil

Menntamálaráðherra skipaði 1. ágúst 1997 nefnd til að endurskoða lög frá 1977 um skylduskil, og var Einar Sigurðsson landsbókavörður skipaður formaður hennar. Nefndin skilaði tillögu að lagafrumvarpi 7. desember 1999, og var hún lögð lítið breytt fyrir vorþingið 2000, en hlaut ekki afgreiðslu á því ári. Eftir nokkrar minniháttar breytingar var frumvarpið lagt fyrir haustþingið 2001, en menntamálanefnd þingsins vannst ekki tími til að afgreiða það frá sér fyrir jól, og er þess fastlega vænst að frumvarpið verði samþykkt sem lög frá Alþingi á vorþinginu 2002, með gildistöku 1. janúar 2003.

Rafræn gögn

Menntamálaráðherra stofnaði í janúar 2000 til verkefnisstjórnar um aðgang íslenskra aðila að erlendum og innlendum gagnasöfnum. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar er að semja um landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og rafrænum tímaritum, sem felur það í sér að allir landsmenn sem eru með tölvur tengdar Netinu geta hagnýtt sér efnið. Þessi aðgangur kemur til viðbótar við þá samninga sem safnið hafði gert eitt sér eða í samvinnu við einstaka aðila aðra og frá er sagt í kaflanum um aðfangadeild.

Fyrstu samningarnir um landsaðgang voru gerðir haustið 2000, en síðan bættust fleiri við á árinu 2001, og er upplýsingar um þá að finna í sérstakri ársskýrslu verkefnisstjórnarinnar, sjá vefsíðuna *hvar.is*.

Landsbókasafni var falin framkvæmd landssamninganna og réð sérstakan starfsmann, Þóru Gylfadóttur, til að vinna að því verkefni. Hefur hún m.a. komið upp fyrrgreindri vefsíðu, *hvar.is*, til að auðvelda kynningu á verkefninu og umsjón með því. Landssamningar af þessu tagi hafa hvergi verið gerðir annars staðar í heiminum til þessa.

Kjarasamningar

Langflestir hinna háskólamenntuðu starfsmanna safnsins taka laun samkvæmt kjarasamningi Félags háskólakennara og ríkissjóðs.

Háskóli Íslands og stofnanir sem honum tengjast voru samferða um gerð nýs stofnanasamnings sem var undirritaður með gildi frá 1. apríl 2001 til 30. nóvember 2004, og var þannig komið í veg fyrir verkfall sem boðað hafði verið frá byrjun maí. Greidd voru atkvæði um samninginn nokkru síðar, og var hann samþykktur með um 87 af hundraði greiddra atkvæða, en rúmlega 53 af hundraði félagsmanna tóku þátt í atkvæðagreiðslunni. Landsbókasafn samþykkti einnig samninginn fyrir sitt leyti.

Flestir aðrir starfsmenn safnsins taka laun samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana og ríkissjóðs, sem undirritaður var 25. mars og hefur gildistíma 1. mars 2001 til 30. nóvember 2004. Þar eð samningur Félags háskólakennara fól í sér heldur meiri kjarabætur tók safnið ákvörðun um að hækka nokkuð laun þeirra sem SFR semur fyrir, umfram hinar samningsbundnu hækkunar, og gildir sú breyting frá 1. júní.

Samkvæmt grein 5.4 í kjarasamningi Félags háskólakennara skal tekið upp kerfisbundið starfsmat og hæfnismat. Edda G. Björgvinsdóttir fjármálastjóri var í september tilnefnd í starfshóp sem fulltrúi safnsins og Þórný Hlynsdóttir trúnaðarmaður sem fulltrúi Félags háskólakennara til að móta slíkt mat, en stefnt er að því að matskerfið verði tilbúið til notkunar 1. maí 2002.

Trúnaðarmenn starfsmanna sem eru í Starfsmannafélagi ríkisstofnana (SFR) til 31. október voru Guðrún Örk Guðmundsdóttir og Hafdís H. Vilhjálmsdóttir, til vara, en frá 1. nóvember 2001 til tveggja ára Guðrún Örk Guðmundsdóttir og Ásdís Paulsdóttir, til vara. Trúnaðarmenn Félags háskólakennara til 16. maí voru Sigrún Hauksdóttir, Örn Hrafnkelsson og Hildur Gunnlaugsdóttir, til vara. Frá 17. maí 2001 til tveggja ára eru Þórný Hlynsdóttir og Anna Jensdóttir trúnaðarmenn.

Alþjóðlegt tímaritsnúmer – ISSN

Hin alþjóðlega skrifstofa tímaritsnúmera (ISSN) er í París og starfar þar innan ramma UNESCO, en svæðis- eða landsskrifstofur sem tengjast höfuðstöðvunum eru víða um heim.

Þar eð ekki var um að ræða landsskrifstofu hér á landi hafði hið fyrra Landsbókasafn um árabíl sótt um númer fyrir íslensk tímarit til Parísarskrifstofunnar, eftir því sem um var beðið. Þessari tilhögun var haldið áfram eftir að stofnað var til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, en athuganir hófust þó fljótlega á möguleikum þess að stofna til landsskrifstofu við safnið. Það var síðan ekki fyrr en í október 1998 að formlega var sótt um slíka aðild. Umsóknarferlið var flókið og seinvirkt: Menntamálaráðuneytið, utanríkisráðuneytið, sendiráð Íslands í París, UNESCO, ISSN International Centre. Á árinu 2000 var loks allt klappað og klárt og þá gengið formlega frá samningi við alþjóðlegu skrifstofuna í París um aðild landsskrifstofu í Landsbókasafni, með gildistöku frá 1. janúar 2001. Keypt var forritið OSIRIS, til notkunar við skráningu tímaritanna. Og eftir að starfsmaður í aðfangadeild – en þar er starfshættinum fyrir komið – hafði fengið nauðsynlega þjálfun, bæði hér og í París, var hafist handa um að fá nýjum íslenskum tímaritum númer hér á heimavelli og yfirfara það safn íslenskra tímaritafærslna sem á undanförunum árum hafði orðið til í hinu alþjóðlega gagnasafni.

Fyrir aðildina að ISSN-samstarfinu greiðir safnið 456 evrur (um 41 þús. kr.) á ári.

Bókasafnið sjö ára

Síðdegis föstudaginn 30. nóvember komu starfsmenn safnsins saman í fyrirlestrasalnum þar sem kynntur var nýr innri vefur safnsins og honum gefið nafnið *Inngangur* að undangenginni samkeppni. Deginum lauk svo með kaffiboði í mötuneyti starfsmanna.

Sú nýbreytni var við höfð að bjóða til þessara samverustunda þeim starfsmönnum safnsins og fyrirrennara þess sem farið hafa á eftirlaun.

Háskólaþjónusta

Á fundi háskólaráðs 3. desember 1998 var eftirfarandi tillaga samþykkt samhljóða: „Til þess að treysta og bæta samvinnu Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er lagt til að í hverri deild verði skipaður bókasafnsfulltrúi, eða bókasafnsnefnd í deildum þar sem eru margar skorir. Hlutverk þeirra verði eftirfarandi: – að hafa yfirsýn yfir þarfir viðkomandi deilda fyrir þjónustu safnsins og leita samráðs við safnið um það hvernig megi efla hana, – að gera tillögu fyrir hönd deildar um skiptingu og ráðstöfun ritakaupafjár. Tengiliðir af hálfu safnsins verða forstöðumaður útlánadeildar (Áslaug Agnarsdóttir), forstöðumaður upplýsingardeildar (Halldóra Þorsteinsdóttir) og forstöðumaður aðfangadeildar (Þorleifur Jónsson)“.

Þar sem nokkuð var um liðið síðan þessari skipan var komið á ritaði landsbókavörður forsetum allra hinna ellefu deilda háskólans bréf 28. febrúar þar sem óskað var staðfestingar á því hverjir gegni sem stendur störfum sem bókasafnsfulltrúar eða nefndarmenn í bókasafnsnefndum.

Boðað var til fundar með fulltrúum deildanna 14. september. Fulltrúar frá um helmingi deildanna komu á fundinn. Sagt var frá nýjungum í safnstarfi, svo sem nýju bókasafnskerfi, rafrænum áskriftum, þróunarverkefnum á vegum safnsins og nýrri heimasíðu þess. Farið var yfir stöðu aðfanga, notendafræðslu, útibúa, námsbókasafns o.fl. Einnig var boðuð sú nýbreytni að tiltekinn starfsmaður safnsins hefði beint samband við kennara og aðra starfsmenn deilda til að kynna þeim nýjungar og þjónustuframboð. Kemur það til viðbótar við hefðbundna notendafræðslu.

Safnið gekk á árinu til samvinnu við Hugvísindastofnun um ráðningu á starfsmanni til þess m.a. að móta stefnu um aðföng rita fyrir heimspekideild og vinna að því að efla þjónustu safnsins við deildina. Safnið greiddi fjórðung af launum viðkomandi starfsmanns mánuðina mars til júní og október til desember, og var á þeim tíma komið upp sérstakri vefsíðu (www.hugvis.hi.is/skatthol).

Viðbygging við Þjóðarbókhöðu

Eins og skýrt var frá í skýrslu síðasta árs skipaði menntamálaráðherra nefnd í apríl 2000 til að móta tillögur um viðbyggingu við Þjóðarbókhöðu. Nefndin skilaði ráðherra greinargerð sinni 10. janúar 2001.

Þær stofnanir auk Landsbókasafns sem ráðgert er að fá inni í viðbyggingunni eru Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Orðabók Háskólans, Örnefnastofnun Íslands, Íslensk málstöð og Stofnun Sigurðar Nordals. Frá öndverðu hefur viðbyggingu, ef til hennar kæmi, verið ætlað rými austan við bókhöðuna. Nefndin leggur til að slík bygging verði tvær til þrjár hæðir, hún verði ekki samvaxin núverandi húsi nema kjallarinn, heldur tengd því með léttbyggðum inngangsskála þar sem yrði nýr aðalinnangangur og ýmsir þjónustubættir sem nýtast allri byggingarsamstæðunni, en stærð hennar er áætluð um ellefu þúsund fermetrar. Um helmingur þess grunnflatar yrði í kjallara, enda þörf Landsbókasafns fyrir geymslur mjög mikil. Þá er gert ráð fyrir um 500 sæta lesstofu sem komið yrði fyrir sem sjálfstæðum byggingarhluta á einni hæð. Á móti yrði sætum í núverandi byggingu fækkað um 200 og þjónusta safnsins sem

rannsóknarbókasafns styrkt að sama skapi. Ávinningur af samnýtingu stofnananna að því er tekur til rýmis er talinn nema um þrettán hundruð fermetrum.

Nefndin gerði lauslega áætlun um kostnað við viðbygginguna miðað við verðlag í desember 2000, og er hann talinn nema rúmlega tveimur milljörðum króna, ef frá er dreginn kostnaður við lóð og umhverfi.

Nefndin setti fram tímaáætlun sem miðaðist við að verk hæfist á árinu 2001, en framkvæmdum yrði lokið og viðbyggingin tekin í notkun á 200 ára afmæli Jónasar Hallgrímssonar 16. nóvember 2007. Menntamálaráðherra lýsti þeirri skoðun sinni að nokkrum tíma liðnum að vel færi á því að hefjast handa um viðbygginguna á 100 ára afmæli heimastjórnar 2004 og ljúka henni á 100 ára afmæli Háskóla Íslands 2011

Umgengni við safnkostinn

Reglum með þessu nafni var dreift til starfsmanna í mars. Nefnd innan safnsins sem í voru Áslaug Agnarsdóttir, Hildur Gunnlaugsdóttir og Örn Hrafnkelsson höfðu þá unnið að málinu um skeið í samráði við forstöðumenn deilda og starfseininga, og að lokum var farið yfir þær í safnráði. Reglurnar eru hafðar meðal annarra gagna í Handbók starfsmanna, auk þess sem þær voru settar á innri vefinn *Inngang* eftir að hann kom til.

Mötuneyti

Í ágúst 1999 var gerður samningur við Hörð Valdimarsson um rekstur mötuneytis og veitingastofu. Síðan þá – og raunar frá upphafi – hefur mötuneytið verið rekið með svipuðu sniði, þ.e. boðið er upp á niðurgreiddan hádegisverð í samræmi við kjarasamninga, auk þess veitingar í kaffitímum fyrir hádegi og síðdegis. Í byrjun desember var tekinn í notkun nýr salatbar, og gefst síðan kostur á salatrétti og súpu dag hvern, auk heitrar máltíðar svo sem verið hefur. Hins vegar var dregið nokkuð úr framboði annarra rétta um hádegið og mötuneytið síðan haft lokað eftir hádegi. Eftir sem áður geta þeir sem vilja notið niðurgreiddra síðdegisveitinga í veitingastofu á 2. hæð.

Heilsuverndarmál

Fyrirtækið Heilsuvernd annaðist árlangt fyrir safnið fjarvistaskráningu vegna veikinda, svo og ráðgjöf og forvarnastarf eftir því sem um var beðið. Þannig lét safnið í té blóðþrýstings- og blóðfitumælingar í mars, og nýtti 61 starfsmaður sér það. Einnig bauð safnið upp á bólusetningu á vegum Heilsuverndar, sem fram fór í október. 30 starfsmenn nýttu sér það.

Heilsuvernd lét safninu í té heildaryfirlit yfir veikindafjarvistir á árinu 2001, og námu fjarvistirnar 1.222 dagsverkum sem gera 12,5 veikindadaga á starfsmann að meðaltali. Veikindadagar á safninu eru verulega yfir meðaltali fjarvista á þeim vinnustöðum sem Heilsuvernd þjónar, og hlýtur það að vekja til umhugsunar, enda þótt svo virðist sem óvenjulega mikið hafi verið um langtímaveikindi í safninu á árinu.

Listaverk

Á síðustu stigum byggingarframkvæmda við Þjóðarbókhöðuna voru keypt til hennar nokkur stór listaverk, svo og fjöldi grafikmynda. Unnið hefur verið að því á árinu að taka myndir af verkunum með það fyrir augum að koma upp gagnabanka þar sem m.a. væri greint frá staðsetningu hvernar myndar fyrir sig í húsinu.

Á sínum tíma var áætlað að hafa samkeppni um gerð a.m.k. eins listaverks, en þegar til kom leyfði það fjármagn sem byggingarnefndin hafði umleikis ekki að þessari áætlun yrði fylgt fram.

Á árinu 2000 tók safnið þetta mál upp við stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins, og tilkynnti stjórnin með bréfi dags. 4. maí 2001 að hún hefði samþykkt að veita safninu

„styrk að fjárhæð kr. 1.500.000.- og skal framlagið notað til þess að kosta undirbúning og samkeppni um listskreytingu í samræmi við Samkeppnisreglur Sambands íslenskra myndlistarmanna”.

Stór glermynd eftir Sigríði Ásgeirsdóttur, *Nótt*, hefur verið á veitingastofu safnsins frá upphafi. Hún hafði orðið þar fyrir töluverðu hnjaski og var á árinu send til viðgerðar og styrkingar. Var þeirri aðgerð lokið í nóvember.

Á fimm ára afmæli safnsins afhenti fjármálaráðherra því til varanlegrar varðveislu stórt olíumálverk eftir Gunnlaug Scheving, *Haustkvöld (Engjafólk)*. Það hefur síðan prýtt lestrarsal þjóðdeildar. Myndin var í láni hjá Listasafni Íslands vegna sýningar á verkum Gunnlaugs 27. október – 9. desember (sjá stóra mynd af verkinu í ritinu *Gunnlaugur Scheving*, s. [96–97], en það var gefið út í tilefni af sýningunni).

Margrét Jónsdóttir frá Munkaþverá gaf safninu 19. október listaverk eftir sig, *Blik*, til minningar um eiginmann sinn, Jón Óskar skáld. Verkinu var komið fyrir á útvegg í stigahúsi 1. hæðar, til hliðar við hringstigann.

Safnið hefur undanfarin ár haft nokkrar myndir í senn að láni frá Listasafni Háskóla Íslands, og hafa þær flestar prýtt fyrirlestrasal safnsins og veitingastofu. Þá var í júní sett upp í fyrirlestrasalnum stórt olíumálverk eftir Kjartan Guðjónsson, *Fallinn maður*, sem listamaðurinn lánaði safninu.

Safnminjar

Safnið fékk á árinu til varanlegrar varðveislu nokkur sýnishorn þeirra húsgagna sem verið höfðu í Safnahúsinu við Hverfisgötu frá upphafi. Þau eru öll nýuppgerð og var komið fyrir innst í lestrarsal þjóðdeildar, ásamt skilti með svofelldum texta: „*Spjaldskrárskápar, lesborð og stólar*. Munirnir eru úr Safnahúsinu við Hverfisgötu. Þeir höfðu fylgt því húsi allt frá því er það var tekið í notkun 1909 og þar til Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn tók til starfa 1. desember 1994. Í skápunum eru sýnishorn af spjaldskrá hinna fyrri safna, Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns. Spjöldin teljast nú til safnminja, en þau voru í notkun allt þar til skrár safnanna voru tölvuvæddar upp úr 1990.“

Teknir hafa verið frá skápar í kjallara þar sem geymdar verða ýmsar safnminjar, og er þar með kominn upp vísir að slíku safni.

Þá var á árinu komið fyrir í fundarherbergi stjórnar myndum af öllum landsbókavörðum hins fyrra Landsbókasafns, sjö talsins. Myndirnar eru allar í sömu stærð, og er um að ræða endurgerðir eftir ljósmyndum eða málverkum.

Kynningarmál

Safnið hefur vitaskuld kynnt starfsemi sína með margvíslegum hætti á undanförunum árum. Reglubundin notendafræðsla gagnvart háskólanum og fleiri aðilum er ein tegund kynningar. Þá hefur útgáfa hverskyns bæklinga stuðlað að almennri kynningu, einnig birting efnis í fréttabréfum, dagblöðum og öðrum fjölmiðlum. Sýningarhald, fræðileg útgáfa og önnur menningarstarfsemi stuðlar einnig að sama markmiði.

Á árinu 1999 var gefið út ritið *Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn fyrstu fimm árin*. Á árinu 2001 var tekinn saman átta blaðsíðna útdráttur á ensku og festur inn í hluta upplagsins. Þannig útbúið var ritið notað til kynningar erlendis, m.a. sent um 140 þjóðbókasöfnum.

Safnið keypti einnar opnu rými í ritinu *Guest 2001* sem gefið er út af fyrirtækinu Suðvestan tveir og dreift í stóru upplagi.

Þá var safnið einnig með kynningu á vef *Gulu linunnar* sem Miðlun ehf. stendur að, svo og auglýsinga í bók sama fyrirtækis.

Safnið keypti enn fremur skráningarrými á geisladiskinum *Iceland Complete* sem gefinn er út af ICM ehf. í 140 þúsund eintökum.

Vefir safnsins

Vefur safnsins (www.bok.hi.is) var endurnýjaður á árinu og opnaður 14. júní, gerbreyttur að hönnun og innihaldi. Hluti af efni vefsins er einnig birtur á ensku.

Eins og áður segir var hinn svokallaði innri vefur safnsins opnaður á sjö ára afmæli safnsins, 30. nóvember, og gefið nafnið *Inngangur* (inngangur.bok.hi.is), að undan-genginni samkeppni. Aðgangur að innri vefnum er bundinn tölvum starfsmanna, og honum er ætlað að greiða fyrir upplýsingamiðlun innan safnsins. Meðal efnis sem í upphafi hefur verið sett á Inngang eru ársskýrslur, fundargerðir, símaskrá starfsmanna, sitthvað handbókarkyns og nýjustu fréttir og myndir, bæði gamlar og nýjar.

Myndgagnagrunnur handrita

Í tengslum við rannsókn á íslenskum tónlistararfi sem Collegium Musicum hefur staðið fyrir undanfarin ár varð jafnframt til vísir að skrá um myndskreytingar í þeim handritum sem farið var yfir. Á málþingi um tónlistararfinn sem haldið var í Skálholti í júlí 2000 var sett upp sýning með myndefni úr handritunum sem Ásrún Kristjánsdóttir myndlistarmaður sá um.

Ásrún réðst síðan í frekari athugun á myndlistararfi handritanna og var í rúmlega hálfu starfi hjá safninu í þessu skyni um sex mánaða skeið á árinu 2001. Jafnframt vann að verkefninu á vegum safnsins Hákon Skúlason háskólanemi í þrjá mánuði, þar af tvo fyrir styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Enn fremur veitti Seðlabanki Íslands 150 þús. kr. styrk til verkefnisins.

Í framhaldi af þessari vinnu var stofnað um verkefnið fagrað, án beinnar aðildar safnsins, en safnið lætur verkefninu hins vegar í té aðstöðu og vísir tæknilega aðstoð. Fagraðið hlaut 1. desember 1 millj. kr. styrk úr Kristnihátíðarsjóði til verkefnisins, en markmiðið er að koma upp myndgagnagrunni, og er þegar orðinn til vísir að honum undir heitinu *Lýsir*.

Ísmús

Um er að ræða gagnagrunn á vegum fyrirtækisins Músík og saga ehf. sem komið hefur verið upp í vissu samstarfi við Landsbókasafn, en fyrir forgöngu dr. Bjarka Sveinbjörnssonar. Menntamálaráðherra opnaði gagnagrunninn við athöfn í safninu 28. júní. Í grunninum eru upplýsingar um og myndir af nótum í handritum frá um 1100 til 1800, sem varðveitt eru í handritadeild Landsbókasafns, auk helstu hljóðritana með söng sem gerðar hafa verið hér á landi.

FJÁRMÁL

Þróun fjármála og fjárveitinga

Tölur þær sem hér fara á eftir miðast við verðlag hvers árs um sig. Sértekjur, þ.e. sjálfsaflafé safnsins, koma ekki fram í yfirlitinu, en í Töflu 14 koma fram heildarútgjöld árána 1994 (desember) til 2001.

Áætlun Samstarfsnefndar 4. mars 1994:	299.0 millj. kr.
Áætlun fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis, mars 1994:	242.0 millj. kr.
Fjárlagafrumvarp fyrir 1995:	161.8 millj. kr.
Fjárlög 1995:	190.8 millj. kr.

Fjáraukalög 1995:	40.5 millj. kr.
Fjárveiting 1995:	231.5 millj. kr.
Fjárlagatillögur Landsbókasafns fyrir 1996:	321.3 millj. kr.
Fjárlagafrumvarp fyrir 1996	248.9 millj. kr.
Fjárveiting 1996:	248.9 millj. kr.
Fjárlagatillögur Landsbókasafns fyrir 1997:	307.4 millj. kr.
Fjárlagafrumvarp fyrir 1997:	264.5 millj. kr.
Fjáraukalög 1997:	7.0 millj. kr.
Fjárveiting 1997:	252.0 millj. kr.
Fjárlagatillögur Landsbókasafns fyrir 1998:	280.2 millj. kr.
Fjárlagafrumvarp fyrir 1998:	276.6 millj. kr.
Fjáraukalög 1998:	10.0 millj. kr.
Fjárveiting 1998:	296.0 millj. kr.
Fjárlagatillögur Landsbókasafns fyrir 1999:	346.0 millj. kr.
Fjárlagafrumvarp fyrir 1999:	296.0 millj. kr.
Fjárveiting 1999:	316.0 millj. kr.
Fjárlagatillögur Landsbókasafns fyrir 2000:	388.5 millj. kr.
Fjárlagafrumvarp 2000:	317.7 millj. kr.
Fjárveiting 2000:	317.7 millj. kr.
Fjárlagatillögur Landsbókasafns fyrir 2001:	364.7 millj. kr.
Fjárlagafrumvarp 2001:	351.5 millj. kr.
Fjárveiting 2001:	351.5 millj. kr.

Á árinu 2001 var Ritakaupasjóður H.Í. 41.7 millj. kr., var áður 46.5 millj. kr. Einnig kom 13.3 millj. kr. fjárframlag til safnsins gegnum fjárlög háskólans vegna lengingar opnunartíma, og ríkið bætti safninu launahækkanir á árinu með upphæð sem nam 18.2 millj. kr., þannig að raunveruleg fjárveiting frá ríkinu á árinu 2001 var **424.7 millj. kr.**

SJÓÐIR OG STYRKIR

Nýsköpunarsjóður námsmanna

Hákon Skúlason	Myndagagnagrunnur handrita	2 mán.
Íris Ellenberger	VESTNORD (Tímarit og blöð á Netinu)	2 mán.

Rannsóknarleyfi

Samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags háskólakennara, og samningum annarra sambærilegra kjarafélaga, er heimilt að veita starfsmönnum leyfi til framhaldsnáms eða rannsókna allt að tvo mánuði á fjögurra ára fresti.

Ákveðin upphæð er á fjárlögum vegna rannsóknarleyfa starfsmanna í fjárhagslega sjálfstæðum stofnunum sem tengjast Háskóla Íslands. Landsbókasafn hefur notið góðs af þessu, og hafa ferða- og dvalarstyrkir verið nýttir svo sem hér segir á árinu:

Anna Jensdóttir	Starfsemi tengd tón- og mynddeildum í British Library og víðar á Bretlandseyjum	Bretland	2 mán.
Bryndís Ísaksdóttir	Notendafræðsla, aðgengi að gagnasöfnum í bókasöfnum, o.fl.	Bretland, Bandaríkin og Svíþjóð	2 mán.
Þorsteinn Hallgrímsson	Uppbygging stafrænna bókasafna og langtímavarðveisla stafrænna gagna	Bandaríkin	2 mán.
Þórir Ragnarsson	Framkvæmd skylduskila í Frakklandi	Frakkland	1 mán.
Ögmundur Helgason	Íslensk handrit í gögnum Konunglega norræna fornfræðafélagsins í Kaupmannahöfn	Danmörk	1 mán.

Rannsóknarsjóður Háskóla Íslands

Landsbókasafn og vísindanefnd Háskóla Íslands gerðu með sér samkomulag 30. janúar 1996 um að bókasafnið leggi þeirri deild Rannsóknarsjóðs H.Í., sem ætlað er að styrkja skráningarverkefni sérstaklega, til ákveðinn hundraðshluta sértekna sinna. Þó skal árlegt framlag safnsins aldrei vera lægra en 250 þús. kr., og það er sú upphæð sem safnið lagði sjóðnum til á árinu.

Hallfríður Baldursdóttir	Íslensk blöð og tímarit 1974–1999 (framhaldstyrkur)	kr. 200.000
--------------------------	---	-------------

Norræni menningarsjóðurinn

Styrkur til ráðstefnuhalds um stafræna endurgerð blaða og tímarita	d.kr. 80.000
--	--------------

Þjóðhátíðarsjóður

Viðgerð á handritinu ÍB 70 4to sem er kvæðabók rituð árið 1693	kr. 100.000
--	-------------

Styrkur frá NORDINFO til starfaskipta

Kristín Bragadóttir	Konunglega bókasafnið í Svíþjóð	1 mán.
---------------------	---------------------------------	--------

Atvinnuleysistryggingasjóður

Tveir starfsmenn unnu samtals níu mánuði í safninu að átaksverkefnum á bótum frá atvinnuleysistryggingasjóði, en samkvæmt samningi við sjóðinn greiddi safnið mun bótanna og fullra launa. Annar aðilinn fékk áfram starf við safnið að loknu styrktímabili, en hinn aðilinn hafði ekki lokið sínu tímabili um áramót.

Aðrir styrkir

Safnið hefur sem áður notið styrkja víðar að en hér hefur verið talið, ekki síst til þróunarverkefna í upplýsingatækni, sjá þar.

AÐFANGAÐEILD

Hlutverk

Hlutverk aðfangadeildar er að annast uppbyggingu safnkosts bókasafnsins. Deildin annast val og kaup á bókum, tímaritum og öðrum safngögnum, hún sér um skylduskil íslenskra prentaðra gagna svo og ritaskipti, og tekur á móti gjöfum sem berast safninu. Samskrá um erlend tímarit er á vegum deildarinnar sem annast enn fremur samskipti vegna þátttöku Íslands í NOSP og sér fyrir Íslands hönd um úthlutun á alþjóðabók-númerinu (ISBN) og alþjóðlegum númerum tímarita (ISSN).

Skylduskil

Á árinu var unnið að því að leysa ýmiss konar uppsafnaðan vanda svo sem frágang á ársskýrslum og öðrum ritröðum, tengja þær, skrá og koma til uppröðunar.

Þá hefur verið búið um tímarit sem biðu bands í öskjur og umslög, og er þar um að ræða bæði óheilt efni og heilt úr skylduskilum og af bókbandsstofu. Það starf er að mestu unnið í deildinni og alfarið skráning ritanna, tengingar og kjaltexar. Enn sér ekki fyrir endann á þessu verkefni því það er nokkuð seinunnið, en með þessu móti kemst efnið fyrir í hillur og verður aðgengilegt til notkunar. Á síðasta ári var gengið frá 655 tímaritum (titlum) með þessum hætti.

Einnig var gert nokkurt átak við að fara í gegnum gamalt íslenskt efni sem borist hefur á skylduskilarymið úr ýmsum áttum, ganga úr skugga um hvað af því vantaði í safnið, tengja eða skrá og senda til frágangs/bands.

Þjónusta af ýmsu tagi við aðrar deildir safnsins og fleiri er þáttur í starfinu í skylduskilum, og einnig þarf að hafa samband við skilaskylda aðila og svara ýmsum fyrirspurnum um skylduskilin. Við talningu árið 2001 reyndust símtöl vegna innheimtu 655 og fjöldi bréfa vegna innheimtu 641. Fjöldi fyrirspurna í heild vegna skylduskila var á sama tíma 331, þar af svaraði starfsmaður í tímaritum 239 fyrirspurnum þar sem nokkurn tíma tók að afla upplýsinga.

Ritakaup

Fjárveiting til safnsins á fjárlögum vegna ritaöflunar var óbreytt frá fyrra ári. Gengisþróun var mjög óhagstæð á árinu og hefðbundin ritakaup drógust heldur saman, en aðgengi að rafrænu efni jókst mjög mikið, einkum í tengslum við landsaðgang. Áhrif gengisþróunarinnar koma þó ekki fram að fullu fyrir en við endurnýjun áskrifta á árinu 2002. – Kortasafn Ágúst Guðmundssonar var keypt á árinu (samaltals um 150 kort) og þar að auki nokkur Íslandskort erlendis frá. Í janúar var lokið við að afhenda bækur Þorsteins Jóseppssonar sem keyptar voru á fyrra ári.

Með nýju fyrirkomulagi í háskólanum hverfur Ritakaupasjóður, og frá og með árinu 2001 er það á valdi deildanna, hverrar fyrir sig í samráði við safnið, að ráðstafa fé af eigin fjárveitingum til safnsins til ritakaupa í þeirra þágu. Heildarfé í Ritakaupasjóði árið á undan (2000) var alls 46.500.000. Árið 2001 var fjárveiting frá einstökum deildum sem hér segir: guðfræðideild, 430.000; læknadeild, 4.320.000; tannlækna-deild, 1.000.000; lyfjafræðideild, 1.200.000; lagadeild, 3.000.000; viðskipta- og hagfræðideild, 3.291.000; heimspekideild, 6.500.000; verkfræðideild, 3.000.000; félagsvísindadeild, 5.000.000; hjúkrunarfræði, 2.000.000; sjúkraþjálfun, 250.000; raunvísindadeild, 11.695.000. Samtals eru þetta 41.686.000 kr. Fénu er varið til uppbyggingar ritakosts á fræðasviði deildanna í samráði við bókasafnsfulltrúa/bókasafnsnefndir og aðra sem málið varðar eftir atvikum.

Tímaritahald

Starfið í tímaritahaldi á árinu mótaðist öðru fremur af auknum rafrænum aðgangi að tímaritum. Samningar við nokkra útgefendur tímarita um landsaðgang að rafrænum tímaritum, sem gilda til ársloka 2002, hafa bæði auðveldað aðgengi og veitt aðgang að fjölmörgum titlum sem ekki hafa verið keyptir hér á landi fram að þessu. Því má þó ekki gleyma að Landsbókasafn hefur haft og hefur fjölbreytilegan aðgang að rafrænu efni sem er utan landsaðgangs, og er þar um að ræða bæði tímarit og gagnasöfn. Það fellur m.a. í hlut tímaritahalds að fylgjast með því að þessi aðgangur sé með eðlilegum hætti. – Prentuð útgáfa þeirra tímarita sem keypt hafa verið berst safninu að öðru jöfnu áfram þótt opnað hafi verið fyrir rafrænan aðgang. Samningar um rafrænan aðgang taka gjarnan mið af áskriftum að pappírsgáfum, og oft er ekki gert ráð fyrir að þeim sé sagt upp. Reyndar er allt þetta svið í mótun og miklum breytingum háð.

Allmiklar tafir urðu seinni hluta ársins á því að endanleg niðurstaða fengist hjá sumum deildum háskólans um fjárveitingu til ritakaupa. Þær urðu til þess að greiðslur drögust og ýmislegt umstang vegna áskriftanna jókst.

Eins og fram kemur síðar í þessum kafla tók ISSN-skrifstofan til starfa seint á árinu. Þá á starfsmaður í tímaritahaldi sæti í starfshópi um kerfisskiptin.

Bókasafnsfulltrúar/bókasafnsnefndir deilda

Samkvæmt samþykkt háskólaráðs frá því í desember 1998 starfa bókafulltrúar eða bókasafnsnefndir í deildum háskólans, og er hlutverk þeirra „að hafa yfirsýn yfir þarfir viðkomandi deilda fyrir þjónustu safnsins og leita samráðs við safnið um það hvernig megi efla hana“ og „að gera tillögu fyrir hönd deildar um skiptingu og ráðstöfun ritakaupafjár.“ Tengiliðir af hálfu safnsins eru forstöðumenn útlánadeildar, upplýsingadeildar og aðfangadeildar. Í september 2001 voru bókasafnsfulltrúar/bókasafnsnefndir deilda háskólans eins og hér segir:

Guðfræðideild: Kristján Búason. – Læknadeild: Jóhann Ágúst Sigurðsson. – Lagadeild: Viðar Már Matthíasson, Páll Sigurðsson og Þórður Sveinsson laganemi. – Viðskipta- og hagfræðideild: Einar Guðbjartsson. – Heimspékideild: Jón Ólafsson, Davíð Erlingsson, Róbert H. Haraldsson, Magnús Snædal, Loftur Guttormsson, Júlían Meldon D'Arcy, Sverrir Jakobsson doktorsnemi. – Lyfjafraeðideild: Már Másson. – Tannlæknadeild: Sigurjón Arnlaugsson. – Verkfræðideild: Júlíus Sólmes, Fjóla Jónsdóttir, Jón Atli Benediktsson og Ebba Þóra Hvannberg. – Raunvísindadeild: Baldur Símonarson, Kesara Ananthawat Jónsson og Viðar Guðmundsson. – Félagsvísindadeild: Ágústa Pálsdóttir (í fjarveru Gísla Pálssonar). – Hjúkrunarfræðideild: Guðrún Kristjánsdóttir og Ólöf Ásta Ólafsdóttir.

Keyptur aðgangur að gagnasöfnum um Netið

Í flestum tilvikum er ekki um að ræða eiginleg kaup á gögnum heldur er samið um kaup á aðgangi að tilteknum gögnum í tiltekinn tíma með ákveðnum skilyrðum. Í árslok 2001 var aðgangur að gagnasöfnum með þeim hætti sem hér segir:

A. Landsaðgangur (þ.á m. er aðgangur að öllum tímaritum nokkurra stórra tímarita-útgefenda):

Alacra. • Britannica Online. • GROVEart (Macmillan). • GROVEmusic (Macmillan). • IDEAL (Academic Press). • Ingenta (Blackwell). • Karger. • Kluwer Online. • LINK (Springer). • Literature Online. • ProQuest-5000. • ProQuest Learning Literature. • ScienceDirect (Elsevier). • Synergy (Blackwell). • Web of Science (ISI). (Sjá nánar um landsaðganginn kaflann um Rafræn gögn, s. 39.)

B. Aðgangur í félagi við aðra (aðgangur frá tilteknum IP-tölum):

Cambridge Scientific Abstracts. • Cinahl (ProQuest). • EI Compendex Web + Village • MD Consult • Ovid, nokkrir bókræðigrunnar og tímaritasöfn. • PsycInfo.

C. Safnið eitt eða safnið og Háskóli Íslands í heild (aðgangur með notendanafni/aðgangsorði eða frá tilteknum IP-tölum):

Celex • GeoRef CSA • Global Books in Print. • Historical Abstracts • Karnovs Lovsamling og UfR (*nýtt*) • LISA • MLA • Morgunblaðið, gagnasafn • Norart • PAIS • Philosopher's Index • UN Optical Disk System, rit Sameinuðu þjóðanna • UN Treaty Collection (UNTC) • UNSTATS UN Common Database for Statistics (*nýtt*) • WebDewey in CORC • Þjóðskráin. • Ennfremur skal nefna rafræn tímarit, staka titla í áskrift hjá útgefendum eða tímaritasölum, og nema þeir titlar nokkrum hundruðum.

Gjafir

Fjöl margar bókagjafir bærust safninu á árinu, mun fleiri en svo að þær verði allar taldar hér. Ekki hefur reynst unnt að vinna úr þeim öllum sem skyldi og fella þær inn í safnkostinn. Minna má á að jöfnum höndum er unnið að því að ganga frá eldri gjöfum sem hafa beðið.

Samkvæmt ákvörðun afkomenda Árna Pálssonar fyrrum prófessors í sagnfræði við Háskóla Íslands var Landsbókasafni afhent bókasafn hans í mars 2001. Giskað er á að hér sé um að ræða vel á þriðja þúsund binda íslenskra og erlendra bóka og tímarita auk smáprents o.fl., frá byrjun 18. aldar fram á miðja 20. öld. Þar á meðal eru ýmis fágæt rit. Þetta safn er meðal efnis sem bíður þess að verða fellt inn í safnkostinn.

Fyrir milligöngu lagadeildar barst Landsbókasafni að gjöf safn kanadískra og enskra dómasafna frá Law Library við Manitóbaháskóla. Hér er um að ræða Supreme Court of Canada Reports, 1876–1969, annars vegar og Law Reports (English) svo sem hér segir hins vegar: Appeal Cases, 1900–80; Equity Cases, 1867–75; Chancery Division, 1875–1972; Queen's Bench, 1865–1980; Probate Division, 1875–1991 og Chancery Appeals, 1866–75. Þetta safn er mikið að vöxtum og verður geymt óskráð á vegum lagadeildar í Lögbergi fyrst um sinn.

Bandarísku hjónin Alfred og Grace Gredys Harris, sem voru kennarar við Rochester-háskóla, gáfu Landsbókasafni mannfræðibókasafn sitt á árinu fyrir milligöngu mannfræðiskorar í Háskóla Íslands. Hér er um afargott sérfræðibókasafn að ræða, og er ekki síst fengur að hinum fjölmörgu bókum á sviði etnógrafíu sem margar hverjar eru fágætar. Fljótlega var hafist handa við að skrá efnið, en ljóst er að taka mun alllangan tíma að ljúka því verki. Um 3–4000 bindi bóka auk tímarita hafa verið tekin til skráningar en auk þess var allstór hluti safnsins þegar til í Landsbókasafni og var það efni afhent mannfræðiskor. Ráðgert er að formleg afhending þessarar gjafar fari fram snemma árs 2002.

Hér verða taldir nokkrir gefendur hinna stærri bókagjafa annarra sem safninu bærust á árinu 2001 án þess að þeim séu gerð frekari skil:

Graham Asmundson, Winnipeg (bækur frá Manitoba, Louise Jonasson afhenti). – Árdís Dögg Orradóttir. – Árný Benediksdóttir (íslensk tímarit). – Beatrice Bixon (guðfræðirit). – Berglind Ásgeirsdóttir (sagnfræðibækur úr safni Gísla Ág. Gunnlaugssonar prófessors). – Berglind Salvör Heiðarsdóttir. – Danska lektoratið. – Danska sendiráðið. – Finniska lektoratið. – Fiskifélag Íslands (Alþingistíðindi, Hæstaréttardómar, Stjórnartíðindi; allt innb.). – Goethe-Zentrum (rit á þýsku). – Guðbjörg Benjamínsdóttir o.fl. (bækur úr búi Benjamíns H.J. Eiríkssonar, mest sagnfræði, guðfræði og tímarit). – Guðný Ámundadóttir (íslenskar og erlendar bækur; hljómplötusafn). – Guðrún Ólafsdóttir (erlend rit). – István Heimlich (Íslandstengt efni á ungversku). – Helga Kress (erlend rit í bókmenntafræði). – Hilmar Þór Bjarnason (sagnfræði). – Hjalti Pálsson (tímarit, innb.). – Ítalska utanríkisráðuneytið (úrval nýrra ítalskra bóka, bókmenntir o.fl., sendiherra Ítalíu á Íslandi afhenti). – Jóhanna Þráinsdóttir. – Kolbrún Halldórsdóttir (gömul íslensk blöð). – Magnús Már Lárusson (ýmis rit). – Norræna húsið (mest norrænar bókmenntir). – Nunatta Atuagaateqarfia (ýmis rit, einkum er varða norðurslóðir). – Ottó Másson. – Ólafur Jónsson (bækur úr búi föður hans, sr. Jóns Þorvarðarsonar). – Óskar Árni Óskarsson og Áslaug Agnarsdóttir (bókmenntir o.fl.). – Pro Helvetia (svissneskar bókmenntir). – Sigurlinni Sigurinnason (erlend rit). – Stefán Aðalsteinsson (tímarit). – Surtseyjarfélagið (safn sérprenta). – Sveinn Ólafsson (íslenskar bækur). – Sveinn Stefánsson (íslenskar bækur). – Sylvia Briem (bækur úr búi Helga P. Briem og Dorisar Briem: mannfræði norðurslóða o.fl.). – Vésteinn Lúðvíksson (bækur um austur-

lensk trúarbrögð). – Þórður Guðjónsson (íslensk rit mest). – Þýska sendiráðið (bækur á þýsku, Erwin Metz afhenti). – Örn Hrafnkelsson (mest íslensk rit).

Ritaskipti og rit alþjóðastofnana

Engar stórvægilegar breytingar hafa orðið á stefnu safnsins í ritaskiptum frá því sem verið hefur undanfarin ár. Þó er rétt að nefna að í samræmi við nýja reglugerð háskólans er það á valdi einstakra deilda að setja reglur um hve mörg eintök safnið fær af doktorsritgerðum til ráðstöfunar í þessum tilgangi og ljóst að mun færri eintök verða send út framvegis heldur en verið hefur.

Árið 2001 var 122.582 kr. varið til kaupa á bókum og tímaritum vegna ritaskipta. Lögð er áhersla á að halda uppi hefðbundnum samskiptum við skiptaaðila. Síðustu ár hefur samband okkar við þjóðbókasafn Rússlands í Sankti-Pétursborg eflst allmikið sem verður til þess að verðmætur ritakostur sem erfitt er að eignast með öðrum hætti byggist upp.

Haldið var áfram að auka rafrænan aðgang að ritum Sameinuðu þjóðanna (sbr. ársskýrslu 2000), og fékkst aðgangur að UNSTATS UN Common Database for statistics.

Samskrá um erlend tímarit

Í lok árs 2001 voru þátttökusöfn í Samskrá um erlend tímarit 62 talsins, og hafði eitt safn bæst við á árinu, Háskólinn í Reykjavík. Ellefu þessara safna eiga aðild að Gegni.

Í lok nóvember 2000 var sent bréf til allra samskrársafna og þau beðin að fara yfir forða sinn og senda inn leiðréttingar. Svör bárust frá 25 söfnum á tímabilinu desember 2000 til nóvember 2001, og var unnið jafnóðum við að færa leiðréttingarnar inn í samskrána. Ekki var sent út hefðbundið bréf til samskrársafna í lok árs 2001 vegna þess hve óljóst var með breytingar sem verða við tilkomu nýja bókasafnskerfisins.

NOSP

Samskrárfærslur úr Gegni voru sendar að venju til NOSP fjórum sinnum á árinu, í mars, júní, september og desember, þar með einnig færslur án ISSN í annað hvert skipti.

Samkvæmt talningu í nóvember 2001 voru 11.698 færslur með ISSN sendar til NOSP. Talning frá febrúar 2001 sýnir að færslur án ISSN voru þá 1649 en með ISSN 11.620.

Alþjóðlegt bóknúmer (ISBN)

Flest rit sem gefin eru út í bókarformi á Íslandi bera nú ISBN-númer. Skráð hafa verið 522 forlög og þeim úthlutað forlagstölu með 10 til 10.000 bóknúmerum. Ekki er vitað hve mörg þessara forlaga hafa hætt starfsemi og ekki er leyfilegt að nota aftur þau bóknúmer sem þeim voru ætluð. Nú eru aðeins til lausar forlagstölur með 10 eða 100 númerum hér á landi.

14 ný forlög voru skráð árið 2001 en alls var úthlutað 33 röðum með 10 númerum og 5 röðum með 100 númerum. Einnar bókar útgáfur voru 104 og hljóðbækur 14. Þá var úthlutað 176 númerum fyrir tiltekna bókartitla til þeirra sem hafa forlagstölu, og hafa því verið skráðir niður 294 bókartitlar alls.

A vegum Alþjóðaskrifstofu ISBN er, í samstarfi við ýmsa aðila, leitað leiða til að stækka þá númerakvóta sem hvert land hefur til umráða og tekið mið af þörfinni fyrir að einkenna netútgáfur með samræmdum hætti.

Umtalsverður erill fylgir ISBN-skrifstofunni fyrir alla starfsmenn skylduskila. Gagnsemi þess að tengja starfsemi ISBN og skylduskila felst einkum í því að tækifæri gefst til að minna á skylduskilin og fylgjast með bókaútgáfu þeirra sem oft er erfðast

að ná til. Lítil forlög og einstaklingar fá uppgefin bóknúmer fyrir tiltekna titla og er haldin sérstök skrá yfir þá og hver prentar ritin. Í lok skylduskilaárs er síðan kannað hvort ritin hafa komið til skila. Stór forlög fá öll númerin í hendur og úthluta þeim á eigin rit. – Árið 2001 voru á 10 mánaða tímabili skráð 268 símtöl, 31 bréf/símbréf og tölvupóstur sendur 45 sinnum vegna ISBN. 50 fyrirspurnir um annað efni en ISBN-númer en þó tengdar þeirri þjónustu voru skráðar. Reynt er að halda heimsóknnum gesta í lágmarki þar sem aðstaða til móttöku þeirra er erfið.

Alþjóðlegt tímaritsnúmer (ISSN)

Hinn 8. janúar 2001 var gengið formlega frá stofnun ISSN-skrifstofu í Landsbóksafni, og er starfsmaður ISSN í París, Slawek Rozenfeld, sótti ráðstefnu hér á landi 30. maí til 1. júní notaði hann tækifærið og setti OSIRIS-kerfið, sem notað er til að halda utan um íslensk tímarit með alþjóðlegt tímaritsnúmer, upp í tölvu í safninu og leiðbeindi starfsmanni um notkun þess. Starfsemi skrifstofunnar hófst svo í byrjun október eftir að starfsmaður hafði sótt þriggja daga námskeið við ISSN-alþjóðaskrifstofuna í París dagana 24.–26. september.

Á tímabilinu janúar til september sótti safnið um 16 ISSN-númer fyrir íslensk tímarit til ISSN-alþjóðaskrifstofunnar í París. Á tímabilinu október til desember úthlutaði nýja ISSN-skrifstofan sjálf 12 ISSN-númerum, þar af voru fjögur vegna nýrra, óútkominna tímarita en átta vegna eldri tímarita. Alls fengu því 28 íslensk tímarit ISSN-númer á árinu 2001.

Búið er að fara yfir um 300 af þeim 512 færslum sem skráðar höfðu verið í grunn ISSN-alþjóðaskrifstofunnar í París. Þar af hafa 173 leiðréttar og nýjar færslur verið sendar til ISSN-alþjóðaskrifstofunnar.

Í lok árs 2001 voru færslur í OSIRIS 535 talsins.

Rannsóknarleyfi

Þórir Ragnarsson var í rannsóknarleyfi í Frakklandi 29. ágúst til 28. september 2001. Kynnti hann sér skylduskil í Frakklandi og hefur tekið saman skýrslu um efnið.

HANDRITADEILD

Hlutverk

Markmið handritadeildar er að annast söfnun, varðveislu, skráningu og rannsóknir íslenskra handrita sem ekki heyra undir lögbundin skylduskil til Þjóðskjalasafns Íslands eða héraðsskjalasafna. Deildin sér til þess að sem tryggilegast sé búið um þennan safnkost og greiðir fyrir notkun hans, m.a. með útgáfu handritaskráa og með því að færa handrit á aðra miðla eftir þörfum. Jafnframt annast deildin kynningu á handritum og þjónustu við safngesti.

Stöðugildi

Stöðugildi eru fjögur. Kári Bjarnason var í launalausú leyfi til 30. september og leysti Anna Halla Björgvinsdóttir hann af á þeim tíma.

Afgreiðsla handrita

Handrit eru lánuð á lestrarsal sem er sameiginlegur með þjóðdeild (aðskilinn með glervegg). Handritadeildarmegin eru 18 lesborð. Um fjölda handritálána sjá Töflu 8. Ef um lokunarkvaðir er að ræða á því efni sem um er beðið, er það aðeins lánað að fengnu samþykki réttara aðila. Prentaðar handritaskrár, sem pantað er eftir, eru á lestrarsal. Er í þeim að finna bæði efnislykla og mannanafnaskrár.

Aðföng

Haldin er aðfangaskrá, bæði yfir afhenti eða gefin og keypt handrit. Um fjölda færslna í aðfangabók á ári hverju, sjá Töflu 8.

25. janúar. Sigrún Steingrimsdóttir organisti afhenti eftirlátin gögn úr förum manns síns, Ólafs Jónssonar bókmenntagagnrýnanda og ritstjóra. – 29. janúar. Aðalgeir Kristjánsson skjalavörður afhenti fyrir hönd Ívars Björnssonar frá Steðja, verslunarskólakennara, heimaritgerð í bókmenntum til cand. mag. prófs, 24.11. '51, um huldufólkstrú hér á landi á síðari öldum. – 29. janúar. Guðbjörg Benjamínsdóttir afhenti fyrir hönd sína og systkina sinna gögn föður þeirra, Benjamíns Eiríkssonar bankastjóra. – 1. febrúar. Ragnar Fjalar Lárusson prófastur afhenti hugvekjusalma, 51 að tölu, frá 18. öld. – 2. febrúar. Sýlvía Briem lýkur afhendingu á gögnum foreldra sinna, Helga P. Briem og Doris Briem. Er að mestu leytir um að ræða bréfasafn (sbr. einnig 25. júní 2000). – 8. febrúar. Sigríður Björnsdóttir listtherapisti afhenti „Ruslakistu (leir)skáldafélagsins B o ð n“, sem haldin var á Garði í Kaupmannahöfn 1914–22. Faðir hennar, séra Björn O. Björnsson, var einn af þeim sem var í félagsskapnum, og ritaði hann skýringar við sumt er varðar efni bókarinnar árið 1970. – 16. febrúar. Einar Már Jónsson lektor í París afhenti viðbót við ýmis gögn móður sinnar, Þórunnar Elfu Magnúsdóttur skáldkonu (sbr. 5. mars 1996). – 16. febrúar. Einar Már Jónsson lektor í París afhenti ýmis gögn, er heyrðu til frænda hans, Birgi Engilberts leikritahöfundu – 19. febrúar. Guðrún Ágústsdóttir sendiherrafrú afhenti frá Jóhönnu Wilson ljóðmæli eftir Guðmund Einarsson sýsluskrifara, forföður hennar, og leikritið Prófastsdótturina eftir Valtý Guðmundsson, ömmubróður hennar, og Stefán Stefánsson, síðar skólameistara, frá 1883. (Sjá einnig 9. október 2000.) – 21. febrúar. Komu úr aðfangadeild gögn, sem heyrta hafa til Siguroddi Magnússyni rafvirkja. – 22. febrúar. Oddur Helgason ættfræðingur afhenti tvö ættfræðikver úr Eyjafirði, föðurætt Steins Kristjánssonar á Akureyri 1851 og Randvers Bjarnasonar. – 23. febrúar. Ólafur Grímur Björnsson læknir afhenti „Ferðalög og flakk“, ævisögupætti eftir Sigfús Magnússon frá Grenjaðarstað, sem fór til Vesturheims. – 12. mars. Örn Guðmundsson afhenti fyrir hönd móður sinnar, Ingunnar Stefánsdóttur, ættartölubók úr eigu móður hennar, Ragnheiðar Böðvarsdóttur á Minni-Borg í Grímsnesi. Er kverið ritað af Oddi Snorrassyni. – 14. mars. Skilað formlega inn í handritadeild afrakstri „Dagbókadags Háskóla Íslands“, sem var 24. janúar. Eru það um 70 dagbækur. – 16. mars. Ólafur Jónsson læknir afhenti ræðusafn föður síns, Jóns Þorvarðarsonar prests. – 21. mars. Kom úr þjóðdeild Njáls saga frá 1772 með innskotsblöðum, þar sem textinn er víða þýddur á þýsku. Var bókin í safni Hjálmars Johnsen kaupmanns, sem bjó síðustu ár sín í Kaupmannahöfn. – 30. mars. Garðar Þórhallsson aðalféhirðir afhenti um hendur sonar síns, Garðars Garðarssonar lögfræðings, ýmsar skólauppskriftir úr Möðruvallaskóla, er Páll H. Gíslason ritaði 1891–92 eftir Jóni A. Hjaltalin skólastjóra. – 18. apríl. Sólveig Einarsdóttir menntaskólakennari afhenti þrjú bréf, sem verið höfðu í förum föður hennar, Einars Olgeirssonar alþingismanns, rituð af Þorsteini Erlingssyni skáldi og Magnúsi Andrésyni alþingismanni. – 24. apríl. Sigursveinn Kr. Magnússon skólastjóri afhenti gagnasafn móðurbróður síns, Sigursveins D. Kristinssonar tónskálds og skólastjóra. – 23. apríl. Vilhjálmur Jónsson lögfræðingur og forstjóri afhenti gamanbréf á latínu til Gríms Thomsen, sem og bréf til hans frá H.C. Andersen og andmælabréf Skagfirðinga gegn Grími Jónssyni amtmanni. Voru þessi gögn í ætt konu hans, Sigríðar Egilsdóttur, sem var komin af fösturdóttur Gríms, Jakobínu H. Sigurgeirsdóttur, en allt er þetta rakið í meðfylgjandi greinargerð. – 25. maí. Ívar Björnsson frá Steðja, afhenti persónuleg gögn, meðal annars ljóð, sem og ritgerðir og erindi tengd námi hans í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands skömmu fyrir 1950. Sjá einnig 29. janúar þessa árs. – 6. júní. Jóhannes P. Halldórsson vélvirkir afhenti dagbækur Guðjóns Jónssonar frá Eyrarbakka á tímabilinu 1927–54, þó ekki samfelld, en hann var lengi verkstjóri í Sildarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði. Var Jóhannes föstursonur Bjargar Andrésdóttur, sem var sambýliskona Guðjóns síðustu ár hans. Þessi afhending er gerð með samþykki Júlíu Baldursdóttur, sonardóttur Guðjóns. – 11. júní. Ingunn Eydal myndlistarkona afhenti fyrir sína hönd og systkina sinna gögn föður þeirra, Ástvalds Eydal, er einkum varða doktorsritgerð hans, *Some geographical aspects of the fisheries of Iceland*, frá 1963. – 15. júní. Sveinbjörn Blöndal hagfræðingur í París gaf nótur af nokkrum lögum eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson, sem hann hafði keypt eftir pöntunarlista frá Bandaríkjunum. Einnig gaf hann tvö ensk bréf, sem tengjast hugmyndum um að Írland fái svipaða stöðu gagnvart Englandi og Ísland hafi gagnvart Danmörku. – 18. júní. Inga Hrund Gunnarsdóttir kerfisfræðingur afhenti með leyfi móðursystur sinnar, Láru Birnu Hallgrímsdóttur sagnfræðings, skólabækur hennar úr barnaskóla og heimilisbókhald háskólanema í Reykjavík frá um 1975, sem og ritgerð um málverkæign Reyðfirðinga 1979, er hin síðarnefnda stóð fyrir að vinna, en hún er nú búsett erlendis. – 21. júní. Þórarinn Eldjárn skáld afhenti dagbækur föður síns, Kristjáns Eldjárns forseta, frá árunum 1968–81, allt vélritað nema frá árinu 1978. Einnig fylgdu fjórar spólar með stjórnarmyndunarhugleiðingum og fleira efni frá 1979–80. – 25. júní. Bergþór Jóhannsson grasfræðingur afhenti dagbækur föður síns Jóhanns Kristmundssonar, bónda í

Goðdal í Strandasýslu 1934–35 og 1937–42; einnig brot af uppkasti að lýsingu á snjóflóðinu sem eyddi bæinn. – 28. júní. Þorleifur Jónsson bókavörður afhenti fyrir hönd Jennu Jensdóttur, kennara og rithöfundar, bæði frumrit og ljósrít af óbirtum köflum úr minningum hennar um móður sína, sem bera nafnið Lesið í sporin. – 2. júlí. Vala Kristjánsson afhenti frumrit að tónverkinu „Sigvat Skald“ eftir norska tónskáldið David Monrad Johansen. Einnig afhenti hún mynd af tónskáldinu og föður sínum, Einari Kristjánssyni söngvara, sem Leander í „Maskerade“ eftir Carl Nielsen. – 3. júlí. Kristín Indriðadóttir, yfirbókavörður í Kennaraháskólanum, afhenti gögn er heyrðu til Brodda Jóhannessyni rektor. Það eru meðal annars tvö leikrit á þýsku, annað eftir Friedrich Günther í Tübingen, Die Frauen auf Gard, og hitt eftir Bruno Schweitzer, Gunnar von Hlidarendi. – 3. júlí. Heiður Vigfúsdóttir, fyrrverandi formaður, og Anna María Geirsdóttir, núverandi formaður Heimilisíðnaðarfélags Íslands afhentu ýmis gögn félagsins í 66 öskjum eða hliðstæðum umbúðum, ásamt meðfylgjandi greinargerð. – 16. júlí. Haraldur Jóhannesson í Austurríki afhenti dagbók sína frá 2000, sem og bréf frá sama ári (sbr. margar afhendingar frá fyrri árum). – 17. júlí. Eiríkur Eiríksson frá Dagverðargerði afhenti dagbækur sínar 1961–71 og ‘73, sem og viðbót við áður komnar dagbækur systur hans, Málmfríðar, 18.12. 2000. – 1. ágúst. Hallberg Hallmundsson skáld og þýðandi afhenti bréf frá skáldunum Gestu Guðfinnssyni, Guðmundi Daniélsyni, Jóni Jóhannessyni og Tómasi Guðmundssyni, sem og Indriða G. Þorsteinssyni. Með öllum þessum bréfum liggja afrit af bréfum Hallbergs sjálf til viðkomandi manna. Sjá einnig afhendingu 5. júní 2000. – 10. ágúst. Friederike Christiane Koch í Hamborg afhenti gögn og viðbætur við bók sína, „Untersuchungen über den Aufenthalt von Isländern in Hamburg für den Zeitraum 1520 – 1662“, sem gefin var út í Hamborg 1992. – 15. ágúst. Andrés Ásmundsson læknir afhenti dagbók sem hann hélt í Parísarferð á vegum Evrópuráðsins 1971 og skrá um örnefni á Eiðum og Hjartarstöðum í Eiðapínghá. – 20. ágúst. Vala Kristjánsson afhenti, um hendur Önnu Jensdóttur í tón- og mynddeild, úrklippubók, afrit af bréfum og fleiri gögn, sem varða Þýskalandssár föður hennar, Einars Kristjánssonar söngvara. – 29. ágúst. Helga S. Þorsteinsson bókavörður afhenti fyrir hönd Bókasafns Hafnarfjarðar aðdrætti Vilbergs Júlíussonar skólastjóra og rithöfundar er varða Íslendinga í Utah, Jörund hundadagakonung, C.E. Sterling Íslandsfara sem og Ástralíu, Nýja-Sjáland og Tasmaníu. Höfðu þessi gögn verið afhent bókasafninu ásamt bókum Vilbergs. – 3. september. Sigurjón Ísaksson afhenti viðbót við löngu komið efni frá Birni Halldórssyni gullsmíð, er varðar Loðmundarfjörð. – 13. september. Sóttir í Gljúfrastein til Auðar Laxness 12 kassar af handritum og bréfum Halldórs Laxness. – 15. september. Jón Viðar Jónsson leiklistarfræðingur afhenti margvísleg gögn úr forum Hildar Kalman leikkonu. – 17. september. Vilborg Dagbjartsdóttir afhenti nótur sem Þorsteinn Valdimarsson skáld hefur ritað við lag sitt, „Árbit í Tíbrá“, en Sigursveinn D. Kristinsson raddsetti. – 19. september. Guðni Eyjólfsson stýrimaður afhenti gögn föður síns, Eyjólf Guðmundssonar kennara í Hafnarfirði. Eru það mest ýmsar þýðingar, en einnig nokkrar dagbækur, einkum frá síðustu árum hans, um og eftir 1990, og minningabrot. – 20. september. Kristín Indriðadóttir yfirbókavörður afhenti handritagögn ömmubróður síns, Daða Davíðssonar á Gilá í Vatnsdal. Eru þetta 32 númeraðir liðir samkvæmt fylgiskjali, þar sem eins er þó vant, eins og fram kemur í skjalinu. Mest eru þetta sagna- og rímna- eða aðrar kveðskaparuppskriftir, sem og annað síðari tíma efni, örnefna- og grenjalýsingar. – 27. september. Erlendur Haraldsson prófessor afhenti ýmis gögn er varða rannsóknir hans á viðhorfi Íslendinga til annars lífs. Er bæði um að ræða efni í rituðu formi og segulbandsspólur. – 28. september. Áslaug Jónsdóttir forvörður í Þjóðskjalasafni afhenti ýmis gögn Ingimars Óskarssonar náttúrufræðings, tengdaföður síns, og Óskars Ingimarssonar þýðanda, manns síns, í 42 öskjum og fleira smálegt. – 4. október. Þorsteinn Helgason afhenti fyrir hönd félaga sinna, „Fjórtán fóstbræðra“, gögn sönghópsins, lög, bréfaskriftir og útsetningar, sem gert hefur Magnús Ingimarsson píanóleikari. – 10. október. Hlynur Ómar Björnsson sagnfræðingur afhenti bréf og póstkort frá Jóni Leifs til föðurafa síns, Björns Kristjánssonar stórkaupmanns, sem og smjörpappírsafrit af bréfum Björns til Jóns á tímabilinu um 1940, þegar þeir dvöldust báðir í Þýskalandi. – 15. október. Börkur Thoroddsen afhenti rímna- og kvæðabók. Þar í eru meðal annars Rímur af sjö sofendum og Ambrósíusi og Rósamundu, nokkur ljóðabréf og fleira. – 17. október. Guðmundur Axelsson, fyrrverandi fornboðsali, kom með tímarit, þar sem voru bréf og fleira ritað efni í spjöldunum. – 17. október. Hlynur Júlíusson verkstjóri afhenti fyrir hönd systur sinnar, Auðar Júlíusdóttur í Stykkishólmi, handrit með blönduðu efni, sögum og draumum, sem sumt er skrifað eftir prenti. – 18. október. Unnar Ingason héraðsskjalavörður á Sauðárkróki afhenti þrjár bækur, sem heyrðu til ungum kommúnistum og sósíalistum og loks Alþýðubandalaginu á tímabilinu 1931–60. Höfðu bækurnar verið í vörslu Áka Jakobssonar alþingismanns og síðar Indriða G. Þorsteinssonar rithöfundar, vegna ævisöguskrafa sem ólokið var við dauða Indriða. – 19. október. Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá og Una Margrét Jónsdóttir, dóttir hennar, afhentu handrita- og bréfasafn eiginmanns og föður, Jóns Óskars skálds og rithöfundar. – 22. október. Eva Ragnarsdóttir afhenti kver með uppskriftum af Íslendingaþáttum, sem að líkindum er með hendi Hans Wium en hefur verið í eigu George Stephens fornfræðings. Þessi bók á að fylgja gögnum þeim, sem voru í forum föður hennar, Ragnars Ásgeirssonar ráðunautar, og hún afhenti 30.9. 1992. – 23. október. Þórarinn Óskar Þórarinsson afhenti

ýmis gögn sem tengja hann við bækur Einars Kárasonar, Djöflaeyjuna, Fyrirheitna landið og Gulleyjuna. Þar eru meðal annars óbirtir kaflar, ásamt blaðaúrklippum og viðtölum. – 30. október. Þórunn Gröndal afhenti ýmis gögn langafa síns, Benedikts (Sveinbjarnarsonar) Gröndal. Hún er dóttir Benedikts (Þórðarsonar) Gröndal verkfræðings, sem var sonur Helgu, dóttur Benedikts. – 30. október. Vala Kristjánsson kom með viðbót við áður komin gögn föður síns, Einars Kristjánssonar söngvara. (sbr. einnig 2.7. og 20.8. þessa árs.) – 1. nóvember. Keypt af börnum Jóns Vestdal verkfræðings, þeim systkinum Jóhannesi og Elísabetu Vestdal, ferðadagbók Baines úr Stanley-leiðangrinum hingað til lands árið 1789, dagbók fransks leiðangursforingja, Jardin, sem hingað sigldi 1865 og 1866, frönsk þýðing á lýsingu Hannesar Finnssonar á Heklugosinu 1766, sem og rímnahrafl í óheilum bókum. – 27. nóvember. Þorlákur Lúðvíksson afhenti debetbók langafa síns, Lúðvíks Sigurðssonar, útgerðarmanns á Nesi í Norðfirði og flugbók föður síns, Lúðvíks Karlssonar flugmanns, sem og safn póstkorta, er honum voru send. – 3. desember. Kom sending frá Barrett Wilson í New York, sem sendir eigið verk, *One And This*, með þessum orðum: „This manuscript touches on Iceland so I will offer this proof copy to your records.“ – 4. desember. Ástvaldur Kristófersson, járnsmíðameistari og forstjóri á Seyðisfirði, afhenti tvö handrit með hendi afa síns, Péturs Oddssonar, það er söguna af Vígkæni kúahirði og nokkra rímnaflökka. Einnig afhenti hann þrjú handrit, sem eru komin frá séra Kristjáni Róbertssyni, háskólauppskriftir í guðfræði frá Kaupmannahafnarháskóla, rímur og dagbók eða dagbókarannál frá því um aldamótin 1900. – 19. desember. Páll Hreinsson prófessor afhenti tvenn skilríki Sigurðar Bárðarsonar frá Vesturheimi 1891 og 1913.

Dagbækur háskólastúdenta

Ákveðið var að 24. janúar yrði dagur dagbókarinnar í Háskóla Íslands. Meðal þeirra sem áttu hlut að þessu framtaki var handritadeild. Dagbækurnar voru síðan gefnar út í bók undir heitinu *Dagbækur háskólastúdenta*, en frumrit þeirra eru varðveitt í deildinni.

Tölvukerfi til skráningar á handritum

Dagana 25.–26. október var kynnt tölvukerfi, MASTER-skráning handrita, sem unnið hefur verið að í nokkrum löndum. Sáu Matthew J. Driscoll og Anne Mette Hansen frá Stofnun Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn um kynninguna.

SKRÁNINGARDEILD

Hlutverk

Meginhlutverk deildarinnar er að annast efnisgreiningu (efnisflokkun/efnislyklun) og bókfræðilega skráningu gagna skv. þar til gerðum aðþjóðlegum og íslenskum stöðlum og gera þessar upplýsingar aðgengilegar notendum. Í deildinni eru í þessu skyni byggð upp gagnasöfnin í Gegni (safnkostur safnsins og samskrá), Greini (greini-skráning efnis í tímaritum) og Gelmi (handritaskrá). Haldið er uppi samvinnu við önnur söfn sem taka þátt í þessari uppbyggingu að einhverju leyti, svo sem önnur aðildarsöfn Gegnis og samskrársöfn. Öll greining og skráning miðar jafnframt að því að unnt sé að draga margvíslegar gerðir skráa út úr kerfunum til útgáfu á því formi sem óskað er eða til annarra nota innan safns og utan.

Almennt yfirlit

Staðlaðar starfslýsingar voru endurskoðaðar í samvinnu við einstaka starfsmenn á árinu eftir því sem þurfti, ásamt verkefnaskrá. Starfshandbók skráningardeildar sem dreift var sem lausblaðamöppu til starfsmanna deildarinnar skömmu eftir opnun safnsins í desember 1994 var gagnert endurskoðuð í nóvember 2001 og sett á *Inngang* ásamt nokkrum fylgigögnum. Þessi gögn eru smám saman endurnýjuð eftir því sem tilefni er til og öðrum gögnum og upplýsingum bætt við eftir ástæðum hverju sinni.

Undirbúningsvinna í tengslum við nýtt bókasafnskerfi var tímafrek á árinu og dró úr afköstum á öðrum starfssviðum deildarinnar. Einn starfsmaður fékk tveggja mánaða launalaust leyfi frá störfum (auk eins mánaðar árið 2000) og vann þennan tíma að lýsigagnaverkefni á vegum menntamálaráðuneytisins.

Mikið álag skapaðist á árinu vegna forsagnar og undirbúningsvinnu undir flutning úr Gegni (Libertas) yfir í Landskerfi bókasafna (Aleph) en gert er ráð fyrir að gögnin verði flutt milli kerfanna um mitt næsta ár (2002). Jafnframt var reynt að hreinsa Gegni og undirkerfi hans sem mest á þessum tíma, m.a. farið í gegnum allar ólyklaðar og óstaðfestar færslur sem fundust í kerfunum. Auk þjóðbókasafnsins komu að þessu verki tvö önnur söfn, Bókasafn Kennaraháskóla Íslands og Bókasafn Háskólans á Akureyri.

Efnisgreining, efnisorðaskrár, flokkunarkerfi

Menntamálaráðuneytið veitti styrk til vinnu við efnisorðaskrá á árinu 2001, og var samingur um það undirritaður 4. september. Til þess að reyna að fá kraft í þetta mikla verk höfðu fjögur Gagnissöfn (Bókasafn Kennaraháskóla Íslands, Bókasafn Listaháskóla Íslands og Upplýsingaþjónusta Alþingis undir forystu Landsbókasafns) sameinast á árinu 2000 um styrkbeiðni til verkefnisins og hlaut hún jákvæða afgreiðslu, eins og áður segir. Var af þeim sökum unnt að ráða verkefnisstjóra frá 1. ágúst til að vinna við efnisorðaskrána sem m.a. verður notuð við lykklun á færslum í Landskerfi bókasafna.

Skráning

Vinna við samtímaskráningu nýrra aðfanga íslenskra og erlendra rita og afturvirka skráningu íslensks efnis hafði áfram forgang sem fyrr. Gengið er frá nýju efni til varðveislu og notkunar jafnóðum og það berst, og eru þá lokaverkefni stúdenta við Háskóla Íslands meðtalin. Afturvirkri skráningu þjóðdeildarefnis í Gegni miðaði nokkuð áfram, m.a. hljóðritaskráningu. Þá var áfram nokkuð unnið að greiniskráningu efnis í íslenskum safnritum, fyrst og fremst efnis í ævisögulegum safnritum og bókmenntasöfnum, en skráning kennslubókasafns þjóðdeildar lá aftur að mestu niðri á meðan. Mikil vinna fór í skráningu ýmissa bókaagjafa og einkasafna er bærust safninu, svo sem stórrar bókaagjafar frá Sigurði Helgasyni til verkfræðideildar H.Í. snemma árs og bandarískrar mannfræðibókaagjafar sem félagsvísindadeild barst um hendur Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur. Samtímis öðru var nokkuð unnið að skráningu sér-safna þjóðdeildar.

Samvinna við aðildarsöfn og samskrárþjónusta

Samskrársöfnum sem nýtt hafa sér skráningarþjónustu, aðra en tekur til Samskrár um erlend tímarit, var á haustmíssi ritað bréf og sagt upp þjónustunni í þeirri mynd sem hún hefur verið innt af hendi á undanförunum árum.

UPPLÝSINGAÐEILD

Hlutverk

Upplýsingadeild rekur upplýsingaþjónustu á 2. hæð, hefur umsjón með handbókasafni og sér til þess að notendur hafi sem bestan aðgang að prentuðum og rafrænum upplýsingum. Hún annast notendafræðslu við háskólasamfélagið og aðra safngesti, ritstýrir vefsíðum safnsins og sér um rekstur tón- og mynddeildar á 4. hæð.

Upplýsingaþjónusta

Afgreiðsla upplýsingaþjónustunnar var opin mánudaga til föstudaga kl. 8–17, þ.e. 43 stundir í viku af þeim 80 stundum sem safnið var opið. Engin þjónusta var veitt um helgar. Einn starfsmaður sinnir almennt þjónustu og afgreiðslu fyrirspurna fyrri hluta dags en tveir eftir hádegi.

Upplýsingaþjónustan tekur á móti öllum fyrirspurnum sem berast á netfang safnsins. Af 757 (676) bréfum sem bárust svörðu starfsmenn deildarinnar 323 (324) fyrirspurnum en 434 (352) bréf voru send áfram til þeirra sem málið varðaði, flest til starfsmanna innanhúss. Auk þess voru um 221 (140) aðrar tímafrekar fyrirspurnir afgreiddar. Með auknum aðgangi notenda að rafrænum gögnum og upplýsingum á Netinu hefur fjöldi almennra fyrirspurna sem safninu berast staðið í stað og tölvuleitum fækkað til muna. Á móti kemur að leiðbeiningar varðandi notkun þessara gagnasafna hefur aukist, bæði á staðnum og í síma, en sú þjónusta er ekki talin sérstaklega. Auk daglegra umsvifa við upplýsingaborð voru því samtals afgreidd 988 (866) bréf og fyrirspurnir. Miklum meiri hluta fyrirspurna er svarað innan sólarhrings. Dagleg umsvif upplýsingaþjónustunnar eru metin fyrstu viku hvers mánaðar og voru fyrirspurnir á staðnum og í síma að meðaltali milli 50 og 60 á dag yfir vetrarmánuðina og er það svipað og undanfarin ár.

Handbókarými

Helstu breytingar á handbókarými voru þær að tilvísanarit voru grisjuð og þau sem nú eru á rafrænum aðgangi voru fjarlægð eða flutt til. Með auknum aðgangi notenda að rafrænum gögnum á landsvísu og/eða á innanhúsneti safnsins hefur þörfin fyrir sérstakar tölvur á handbókasvæði fyrir þetta efni minnkað. Fram að þessu hafa verið tíu tölvur til ýmissa nota á svæðinu auk sex útstöðva fyrir Gegni og Greini. Tvær tölvur eru nú notaðar eingöngu fyrir aðgang að geisladiskum á innanhúsneti og eru sex gagnasöfn á því. Aðrar tvær eru fyrir diska sem ekki er hægt að nettengja. Önnur þeirra er ný margmiðlunartölva með heyrnartólum og hafa sjö diskar verið settir upp á hana. Í ágústlok voru tvær tölvur teknar í notkun sem kennslutölvur, þ.e.a.s. ætlaðar þeim sem þurfa aðstoð við notkun gagnasafna og geta þeir pantað tíma og tryggt þar með að þeir fái þá aðstoð sem þeir þurfa. Ekki hefur verið gengið endanlega frá uppsetningu þessara tölva og koma þær því enn ekki að fullum notum. Tvær tölvur eru eftir sem áður með aðgangi að Netinu fyrir almenning og ein tölva er með Feng (bókasafnskerfi Borgarbókasafns) og Þjóðskrá. Samtals eru nú níu tölvur á handbókasvæðinu auk tölva til útprentunar, ætluð almennum notendum sem ekki hafa notendanafn og prentkvóta hjá Reiknistofnun H.Í.

Aðgangur að rafrænum gögnum – Tölvuleitir

Áskriftum að rafrænum gögnum fjölgaði verulega á árinu. Mest munaði um samninga við útgefendur um aðgang á landsvísu að rúmlega 3000 tímaritum. Beinum tengingum var komið á frá nokkrum gagnasöfnum, s.s. CSA, Compendex, Ovid og Web of Science, við heildartexta allmarga þessara tímarita. Í árslok voru samningar við Compendex og CSA endurnýjaðir og tveimur nýjum áskriftum, EconLit og ArtBibliographies Modern, bætt við. Þessi gagnasöfn eru ekki á landsaðgangi. Almennur hefur nú aðgang að bókfræðilegum gagnasöfnum á allflestum fræðasviðum, ýmist frá heimatölvunni eða frá Nettölvum á handbókasvæði safnsins. Tölvuleitum, þ.e. heimildaleitum í gagnasöfnum upplýsingamiðstöðva sem ekki eru opnar almenningi fer fækkandi, eins og fyrr segir og eru ekki lengur taldar sérstaklega. Þær voru um 50 talsins árið 2000.

Vefur safnsins

Upplýsingadeild var falin umsjón með vefsíðum safnsins í apríl 2000 og annast Ingibjörg Árnadóttir ritstjórn þeirra. Heildarskipulag var vel á veg komið í árslok það ár og talsvert af efni tilbúið. Séríður upplýsingadeildar varða einkum aðgang að gagnasöfnum, heimildaleit, notendafræðslu og valdar vefslóðir, og eru þarfir háskóla-fólks einkum hafðar í huga. Mikil vinna var lögð í vefinn á vormisseri 2001, og var nýr vefur opnaður 14. júní. Haldið var áfram það sem eftir var ársins að bæta við efni og uppfæra það sem fyrir var. Í árslok lá fyrir nokkuð af efni sem eftir var að opna fyrir almenning.

Notendafræðsla

Fræðsla á vefsíðum safnsins er nýr þáttur í notendafræðslunni. Komið hefur verið upp leiðbeiningum við heimildaleit með tengingum við valið efni á vefnum. Þar er leitast við að benda notandanum á mismunandi hjálpargögn eftir eðli viðfangsefnisins svo og á leiðir frá tilvísunum í efni til heildartexta.

Safnkynningar voru með líku sniði og undanfarin ár og fengu um 2.045 manns kynningu af einhverjum toga, 37 (32) hópar fengu frumkynningu og 20 (11) hópar fengu framhaldskynningu. Bæklingunum *Velkomin í Þjóðarbókhöðdu* og *Velkomin á vef safnsins* var dreift á kynningarfundum nýnema þar sem safnkynningu var ekki viðkomið. Síðarnefnda bæklingnum ásamt leiðbeiningum um gagnasöfnin Web of Science, ProQuest og Cambridge Scientific Abstracts (CSA) var einnig dreift í pósthólf kennara. Á vormisseri voru haldin sérstök kynningarnámskeið fyrir kennara og sérfræðinga háskólans um rafræn gagnasöfn og upplýsingaleiðir.

Bæklingar

Til stuðnings notendafræðslunni voru á árinu gefnir út 15 (14) nýir bæklingar á vegum upplýsingadeildar, 33 (31) voru endurnýjaðir að talsverðu leyti og nokkrir endurprentaðir án breytinga. Bæklingarnir liggja frammi á öllum hæðum bókhöðunnar og um 30 þeirra eru aðgengilegir á vef safnsins. Auk þess er þeim dreift í safnkynningum og við önnur tækifæri eftir því sem tilefni er til. Hér fyrir neðan er listi yfir nýja bæklinga frá upplýsingadeild fyrir árið 2001.

Hvar eru rit í tannlækningum? Janúar 2001.

Internet – nokkur vefböng í stjórn málafræði. Febrúar 2001

Rafræn gagnasöfn – Web of Science. Mars 2001.

Rafræn gagnasöfn – ProQuest. Maí 2001.

Rafræn gagnasöfn – Engineering village 2. Júní 2001.

Hvar eru rit í eðlisfræði, efnafræði og stjörnufræði? Ágúst 2001.

Hvar eru rit í hagfræði? Ágúst 2001.

Hvar eru rit í matvælafræði? Ágúst 2001.

Hvar eru rit í náms- og starfsráðgjöf? Ágúst 2001.

Hvar eru rit í tölvunar- og stærðfræði? Ágúst 2001.

Velkomin á vef safnsins. Ágúst 2001.

Hvar eru rit í uppeldis- og menntunarfræði? Ágúst 2001.

Internet – nokkur vefböng í uppeldis- og menntunarfræði. September 2001.

Hvar eru rit í ítölsku? Október 2001.

Rafræn gagnasöfn – frá gagnasöfnum til heildartexta. Nóvember 2001.

Starfsmenn

Nokkuð var um mannaskipti í deildinni á árinu. Guðríður Gísladóttir lét af störfum í janúarlok og María Björnsdóttir kom í hennar stað. Hún var áður starfsmaður Landsbókasafns á Bókasafni Landspítala – háskólasjúkrahúss. María hætti síðan í bytjun júní. Stefanía Arnórsdóttir sem tók við af Maríu hóf störf um miðjan ágúst. Starfsmenn eru sem fyrr sjö í fimm og hálfu stöðugildi. Tveir starfsmenn deildarinnar fengu tveggja mánaða rannsóknarleyfi og nokkuð var um aðrar tímabundnar fjarvistir. Þá gafst starfsmönnum deildarinnar kostur á að sækja ýmsa kynningarfundir og námskeið til endurmenntunar og sjálfseflingar.

Ýmsar kynningar og námskeið

Í tengslum við ráðstefnu IoD-Nord sem haldin var hér á landi í maílok og undirritun samninga um landsaðgang að tímaritum og gagnasöfnum síðar á árinu, komu ýmsir söluaðilar hingað til lands og kynntu gögn sín. Starfsmönnum upplýsingadeildar gafst kostur á að sækja kynningarfundir *Bell&Howell*, *Engineering Village*, *CSA*, *ProQuest*, *Silver Platter*, *Science Direct* o.fl.

Önnur verkefni

Ingibjörg Árnadóttir starfaði í undirbúningshópi um almenningsaðgang að Aleph, hinu nýja tölvukerfi sem tekið verður í notkun á árinu 2002.

Tón- og mynddeild

Starfsemi tón- og mynddeildar var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Starfsfólki deildarinnar hefur ekki fjölgað en góð samvinna var enn sem fyrr við aðra starfsmenn upplýsingadeildar og einnig þá starfsmenn útlánadeildar sem sinna vöktum á 4. hæð. Fyrirspurnum um efniskost deildarinnar fjölgaði nokkuð, áhorf á myndbönd jókst en hlustun á hljóðrit dróst lítillega saman. Bæklingur um deildina var endurskoðaður snemma á árinu. Nýjar hillur voru settar upp á vinnusvæði deildarinnar og plötuskápum hagrætt til að rýma til fyrir hillunum. Þá var keyptur spilarí fyrir mynddiska (DVD). Plötusafn Skúla Hansen var flutt í læsta skápa í kjallara til að rýma fyrir efni þjóðdeildar.

Innheimta skylduskila á hljóðritum verður sífellt tímafrekari þáttur, þar sem æ fleiri einkaaðilar gefa út hljómdiska. Eins og á sl. ári fékk tón- og mynddeild útprent af aðföngum Safnadeildar RÚV á íslenskum hljóðritum, en hljómplötuútgefendur senda RÚV oft eintak til kynningar. Þessi samvinna leiðir til þess að auðveldara er að hafa upp á diskum sem ekki skila sér með skylduskilum. Brýnt er að reyna aftur að koma á samstarfi við STEF og einng að sæta lagi þegar ný skylduskilalög verða samþykkt og kynna rækilega þessa lagaskyldu.

Nýmæli í starfsemi tón- og mynddeildar á árinu var að deildin tók að sér að annast söfnun og skráningu útgefina íslenskra heimilda um tónlist í alþjóðlega gagnagrunninn RILM (*Répertoire International de Littérature Musicale*) en Ísland hefur ekki áður tekið þátt í þessu samstarfi.

Deildinni bárust ýmsar gjafir, stórar og smáar, m.a. 369 hljómplötur frá Guðnýju Ámundadóttur, 20 erlendis geisladiskar frá Terry G. Lacy, 14 ævisögur norræna tónlistarmanna frá Bókasafni Norræna hússins og 5 íslenskar hljóðsnældur frá Ögmundi Helgasyni.

ÚTLÁNADEILD

Hlutverk

Markmið útlánadeildar er að sjá um lánastarfsemi bókasafnsins og gæta þess að fylgt sé settum reglum í því efni. Deildin starfrækir m.a. námsbókasafn og sér um almenna upplýsingaþjónustu á 3. og 4. hæð, varðveitir safn lokaritgerða nemenda við Háskóla Íslands og hefur umsjón með lesrýmum, bókarýmum og úthlutun lesherbergja. Millisafnalán eru á vegum deildarinnar, og hún hefur jafnframt umsjón með útibúum utan aðalsafns.

Afgreiðslutími

Árið 2001 var safnið opið tæpa 80 tíma á viku í rúma níu mánuði. Sumartími var í gildi frá 21. maí til 20. ágúst, og var safnið þá opið 44 tíma á viku.

Notendapjónusta og afgreiðsla

Hin almenna notendapjónusta safnsins er aðallega í höndum útlánadeildar og upplýsingadeildar. Vaktstöðvar útlánadeildar eru fjórar. Á 2. hæð er almenn afgreiðsla. Hér eru bókasafnsskirteini afgreidd, bækur lánaðar út og þeim veitt viðtaka að lánstíma liðnum. Á 3. hæð eru lokaritgerðir nemenda við Háskóla Íslands varðveittar og lánaðar til lesturs í safninu. Hér er einnig afgreiðsla og upplýsingaþjónusta um blaða- og tímaritakost safnsins og leiðbeint við notkun lesvéla og lesprentvéla. Á þessari hæð eru jafnframt varðveitt gömul próf við háskólann. Kannaðir voru möguleikar á því að safnið tæki að sér skönnun prófa og vistun á Netinu. Á 4. hæð er námsbókasafn á opnu rými. Hér eru veittar upplýsingar um bókakost safnsins og rit lánuð út. Hér er tón- og mynddeild staðsett og eru fræðslumyndbönd, nótur og snældur lánuð út, en einnig er hægt að skoða myndbönd á staðnum og hlusta á tónlist og upplestur á geisladiskum og snældum. Í kjallara er starfsmaður deildarinnar á vakt 17 tíma á viku á móti fólki úr þjóðdeild safnsins við að afgreiða rit sem safngestir biðja um úr geymslum, og við innröðun og önnur störf.

Útlán

Útlán úr safninu náðu hámarki árið 1996, en þeim fækkaði síðan allt til ársins 2000. Útlán jukust nokkuð á árinu 2001 og voru 70.492 í aðalsafni. Þar af voru útlán í námsbókasafni 2.687 og í tón- og mynddeild 5.290. Í útibúum safnsins voru útlán þar að auki 3.097 (Jarðfræðahús 514, Lögberg 1.393, Líffræðistofnun 171 og VR II 1.019) en þau lán eru skráð handvirkt. Útlán alls voru því 73.589.

Nemendur Háskóla Íslands tóku eins og fyrri ár flest rit í lán eða um 53,5%, starfsmenn HÍ um 15,3% og aðrir lánþegar, þ. á m. nemar í öðrum skólum um 31,2%. Lánþegar voru alls 5.405 í lok desember.

Þegar tölur um útlán eru skoðaðar ber að hafa í huga, að mikið af bókum og tímaritum er notað á staðnum, án þess að um skráð lán sé að ræða.

Bæklingar

Nokkur útgáfa á bæklingum á sér stað innan deildarinnar og eru þeir helst ætlaðir lánþegum safnsins. Hér fyrir neðan er listi yfir nýja bæklinga frá útlánadeild fyrir árið 2001.

Lesherbergi. Janúar 2001.

Millisafnalán. Janúar 2001.

Geymsluskápar. Júní 2001.

Circulation. Júlí 2001.


Útlán. Júlí 2001.

Útlán (Reglur og upplýsingar fyrir stúdenta við Háskóla Íslands). Júlí 2001


Námsbókasafn. September 2001.

Útibú og lesaðstaða. September 2001


Útlán 2001 (alls 70.492)



Útlán eftir flokkum



Fjöldi lánþega (alls 5.405)



Árgjald vegna bókasafnsskírteinis var óbreytt eða 1.000 kr. Kennarar, sérfræðingar og nemar við Háskóla Íslands eru undanþegnir árgjaldi. Í ársbyrjun sömdu Landsbókasafn og bókasafn Kennaraháskóla Íslands sín á milli um gagnkvæm útlán án endurgjalds til allra starfsmanna skólanna. Starfsmenn Háskóla Íslands gátu því frá og með 1. febrúar fengið ókeypis bókasafnsskírteini á bókasafni KHÍ.

Bæklingur deildarinnar með hagnýtum upplýsingum um útlán og reglum safnsins þaraðlúttandi var endurskoðaður að venju. Sérhver nýr lánþegi fær bæklinginn afhentan með skírteininu. Farið var yfir reglur varðandi rétt útlendinga til að taka bækur í lán og þær endurskoðaðar. Gilda nú sömu reglur fyrir alla, þ.e. að vera orðinn 17 ára, hafa íslenska kennitölu og lögheimili á Íslandi. Um haustið var umsóknar-eyðublað tekið í notkun sem allir væntanlegir lánþegar fylla út og votta með undirskrift sinni að þeir hafi kynnt sér reglur safnsins og lofi að fara eftir þeim í hvívetna.

Vanskil á lánum hafa verið talsvert vandamál allt frá því að safnið var opnað. Um miðjan september voru vanskil talin og reyndust þá 434 lánþegar vera með alls 1.054 bækur í láni sem voru komnar langt fram yfir skiladag, sumar jafnvel nokkur ár. Á haustmisseri var gerð tilraun til að innheimta þessi rit með því að efna til sektarlausra daga. Ákveðið var að tengja dagana 90 ára afmæli Háskóla Íslands, og voru sektir felldar niður af öllum bókum sem skilað var dagana 1.–6. október. Á sektarlausu dögnum skiluðu 80 lánþegar alls 271 vanskilabók.

Ritakostur

Allur ritakostur deildarinnar er skráður í Gegni. Flest rit útlánadeildar eru á opnu rými á 4. hæð safnsins. Ritum sem hefur verið skilað er raðað í hillur samdægurs og um sumarið fóru starfsmenn deildarinnar yfir allan ritakostinn á 4. hæð og lagfærðu röðun en það er verk sem jafnframt er gripið í allan ársins hring. Nokkuð þröngt er orðið í sumum flokkum og var því unnið að grisjun, sérstaklega í 300 flokknum.

Hluti ritakostsins er í geymslum í kjallara hússins. eru þar eldri rit og lítið notuð, bæði íslensk og erlend, rit sem eru fágæt eða illa farin og svo aukaeintök rita sem ekki þykir ástæða til að hafa á opnu rými. Auk þess eru sérstakar geymslur fyrir smáprent, stofnanaprent, barnabækur og þýdda reyfara. Ekki eru öll rit lánuð út og má þar nefna

rit sem gefin voru út fyrir 1900, tímarit, handbækur, barnabækur, þýdda reyfara, smáprent og að sumu leyti stofnanaprent.

Kjallaravakt var skipulögð í samvinnu við þjóðdeild eins og áður segir. Starfsmenn deildanna tveggja skiptast á að afgreiða bækur, tímarit og önnur gögn sem safngestir biðja um og eru geymd í geymslum safnsins. Afgreitt er úr geymslum til kl. 18 mánudaga til fimmtudaga og til kl. 16 föstudaga og laugardaga.

Lesrými

Í Þjóðarbókhöfðu eru um 700 sæti fyrir þá sem vilja hafa afnot af gögnum safnsins með einum eða öðrum hætti. Á 3. og 4. hæð er almennt lesrými með 408 lessætum við borð (með eða án tölvu), þar af 20 sæti í hópinnuherbergjum. Þar eru einnig rúmlega 80 lágsæti, sum við lágborð og sum í tón- og mynddeild.


Fjöldi safngesta á lesrýminu er kannaður reglubundið með talningum, bæði á daginn og á kvöldin og einnig um helgar. Er það gert í því skyni að fylgjast með nýtingu lesrýmisins svo að hægt sé að veita sem besta og mesta þjónustu á álagstímum. Lesrýmið er mest notað af nemum Háskóla Íslands og er því nýting eðlilega mest á próftímum. Einnig er góð nýting meðan kennsla stendur yfir.

Árið 2000 var í samvinnu við Stúdentaráð H.Í. komið fyrir skífum á öllum einstaklingsborðum á 3. og 4. hæð í því skyni að stuðla að betri nýtingu lessætana. Því miður hefur reynst erfitt að fá safngesti til að nota skífurnar.

Í safninu eru 28 lesherbergi sem safngestir geta fengið afnot af til ákveðins tíma. Safnið leigir út 26 lesherbergi til fræðimanna, háskólanema í framhaldsnámi og annarra aðila sem eru að vinna að rannsóknarverkefnum og þurfa að nota rit safnsins í því skyni. Mikil eftirspurn er eftir þessum herbergjum og eru þau fullnýtt bæði á veturna og á sumrin. Í ársbyrjun var leigan fyrir herbergi án tölvu hækkuð úr 1.000 kr. í 3.000 kr. og leigan fyrir herbergi með tölvu úr 1.500 kr. í 5.000 kr. Alls höfðu 110 safngestir afnot af lesherbergi á árinu. Fengu 56 gestir herbergi vegna vinnu við meistaraprófsritgerð, 13 vegna vinnu við doktorsritgerð, 15 vegna almennrar fræðimennsku eða ritstarfa, 24 vegna vinnu við kandiðatsritgerð í lögfræði og 5 vegna annarra verkefna.

Eitt lesherbergi er ætlað fötluðum og annað sjónskertum til almennrar notkunar. Þessum herbergjum er úthlutað í samvinnu við Námsráðgjöf H.Í., og eru þau samnýtt af fleiri en einum notanda í einu.

Hverjir nota lesherbergin?



Námsbókasafn

Námsbókasafnið er safn bóka, ljósrita og annars efnis sem kennarar við Háskóla Íslands hafa óskað eftir að sé aðgengilegt nemendum í tengslum við tiltekin námskeið sem eru kennd við háskólann. Efnið er þá sett í sérhillur merktar viðkomandi námskeiði og lánstíminn takmarkaður. Námsbókasafnið er einungis starfrækt að vetri til. Það er á opnu rými á 4. hæð safnsins.

Á vормisseri var fjöldi bóka 1.481 í 77 námskeiðum, en á haustmísseri voru 1.180 bækur í 95 námskeiðum. Auk bóka eru myndbönd og öskjur undir ljósritað efni í námsbókasafninu. Gögnin voru ýmist til notkunar á staðnum, á dægurláni, þriggja daga láni, vikuláni eða tveggja vikna láni. Kennarar í heimspekideild og félagsvísindadeild nota námsbókasafnið áberandi mest, og voru t.a.m. 72 námskeiðanna kennd í heimspekideild og 74 í félagsvísindadeild. Aðrar deildir sem voru með bækur á námsbókasafninu voru guðfræðideild (10), læknadeild (4), lagadeild (2), viðskipta- og hagfræðideild (5) og raunvísindadeild (5).

Útlán úr námsbókasafninu voru 2.687 á árinu (2.890 árið 2000). Það ber að hafa í huga að margar bækur eru til notkunar á staðnum og nemendur lesa þessar bækur á safninu án þess að þær séu skráðar í útlán.

Millisafnalán

Millisafnalán sjá um að útvega notendum rit að láni eða ljósrit af grein frá öðru bókasafni. Ef rit er ekki til á íslensku safni, útvegar Landsbókasafn bækur að láni úr erlendum bókasöfnum. Safnið hefur einnig milligöngu um að fá ljósrit frá innlendum söfnum. Hverjum sem er, bæði einstaklingum og stofnunum, er heimilt að nýta sér þessa þjónustu. Þrír starfsmenn starfa í deildinni í fullu starfi.

Öll þjónusta millisafnalána er gegn gjaldi. Í ársbyrjun var gjaldskrá millisafnalána hækkuð um 20%. Bókarpöntun hækkaði úr 1.000 kr. í 1.200 kr. og pöntun 10 síðna greinar úr 500 kr. í 600 kr. Starfsmenn Háskóla Íslands fengu sem fyrr 50% afslátt.

Fjöldi beiðna um millisafnalán sem bárust safninu á árinu var svipaður og árið áður eða 8.121 (8.595 árið 2000) beiðnir alls. Þar af voru afgreiddar 6.986 beiðnir eða um 85%. Á árinu var alls afgreidd 4.671 beiðni til Landsbókasafns (1.138 bækur og 3.533 greinar). Alls var pantað frá 271 safni í 20 löndum. Flestar bækur bárust frá Danmörku (34.5%) og Noregi (32%) en flestar greinar frá Danmörku (34%).

Auk þess voru afgreiddar 2.315 (1.894 árið 2000) beiðnir um bækur eða greinar úr ritakosti safnsins til annarra safna. Þar af voru bókarlán 329 (432 árið 2000) (17.5%) og ljósrit af greinum 1589 (1462 árið 2000) (82%). Þessar beiðnir voru frá 74 söfnum á Íslandi og 127 erlendum söfnum í 24 löndum. Til fyrirtækja, stofnana og starfsmanna Háskóla Íslands voru afgreiddar 397 greinar úr tímaritum safnsins, eða 27% af greinum afgreiddum úr safninu alls. Árið 1998 var farið að veita einstaklingum ljósritunarþjónustu úr gögnum safnsins. Sú þjónusta hefur ekki verið mikið notuð, en á árinu voru aðeins afgreiddar 25 beiðnir af því tagi.


Vegna samvinnu safnsins við söfn á Norðurlöndum um gagnkvæma hraðþjónustu (KVIK) hefur afgreiðsla ljósrita gengið mjög hratt fyrir sig og biðtími eftir bæði greinum og bókum hefur styst svo um munar. Frá KVIK söfnum á Norðurlöndum komu 1.613 greinar, og 263 greinar frá NORFRI söfnum, alls 1.876 greinar (53% greina). Frá Subito sem veitir hraðþjónustu í Þýskalandi voru afgreiddar 1.337 greinar (38% greina). Frá NORFRI söfnum komu 404 bækur (36%).

Á árinu sat deildarstjóri millisafnalána, Þórný Hlynsdóttir, í stýrihópi um þjónustumælingu á millisafnalánum á Norðurlöndunum (The Nordic ILL Performance Measurement Study). Pentti Vattulainen, yfirmaður finnska skylduskilasafnsins Depå-biblioteket í Kuopio var í forsvari fyrir könnuninni. Fimm íslensk bókasöfn tóku þátt,

en fimmtán frá hverju hinna Norðurlandanna. Auk þeirra áttu Poul Erlandsen frá Danmörku, Agneta Lindh í Svíþjóð og Hans Martin Fagerli frá Noregi sæti í nefndinni.

Á síðari hluta ársins var deildarstjóri millisafnalána auk þess beðin um að sitja í stýrihóp vegna undirbúnings 5. Norrænu rannsóknarbókavaráðsáráðstefnunnar um millisafnalán sem haldin verður í Reykjavík í október 2002. Í forsvari situr Guðrún Pálsdóttir, bókavörður á Veðurstofu Íslands. Auk þeirra eiga Anna Sigríður Guðnadóttir, Eiríkur Þ. Einarsson og Elín Dögg Guðjónsdóttir sæti í nefndinni.

Afgreiddar beiðnir 2001 (alls 6.986)



Útibú utan Þjóðarbókhöðu

Landsbókasafn starfrækir allmörg útibú sem eru staðsett bæði á háskólalóðinni og utan hennar. Í sumum útibúum var bókavarsla tiltekinn tíma dag hvern. Í öðrum útibúum var um að ræða umsjón, sem fólst í reglubundnum eftirlitsferðum einu sinni til tvisvar í viku eða sjaldnar. Sú meginstefna hefur verið mörkuð að útibúin verði handbókasöfn og ritakostur þar ekki til útláns. Þau skulu einkum þjóna kennurum og sérfræðingum, en stúdentum verði fremur beint til aðalsafns. Nú eru einungis útlán frá bókasöfnum Jarðfræðahúss, lagadeildar í Lögbergi, verkfræði- og raunvísindadeildar í VRII og lesstofu í líffræði að Grensásvegi 12.

Umsjónarmenn útibúa eru Auður Gestsdóttir (Lögberg), Siglinde Sigurbjarnarson (VRII), Sólveig Jónsdóttir (lektoröt í Norræna húsi, RH og VRIII) og Guðmundur Ingi Guðmundsson sem hafði umsjón með öðrum útibúum. Hefur hann haft fasta viðvist í bókasafni lagadeildar í Lögbergi, Lesstofu í líffræði og bókasafninu í Jarðfræðahúsi H.Í. en auk þess haft eftirlit með útibúum safnsins í Odda, Nýja Garði, Aðalbyggingu H.Í., að Sóltúni 1, að Skógarhlíð 10 og í Haga.

Árnagarður. Lokuð bókastofa heimspekideildar ætluð kennurum og nemendum í MA eða doktorsnámi í íslenskum fræðum. Umsjón: Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var einu sinni í mánuði.

Enskukennsla í Nýja Garði. Bókastofan er handbókasafn kennara og nemenda í enskuskor. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var eftir þörfum.

Guðfræðideildarstofa í aðalbyggingu háskólans. Stofan er handbókasafn kennara og nemenda í guðfræði. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var eftir þörfum.

Jarðfræðahús Bókasafn í jarðfræði og landafræði. Opið kl. 9–17. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson og var viðvist hans daglega kl. 14–16.

Lektoröt (danska, finnska, norska og sænska) Bókasöfn sem tengjast kennslu í norrænum tungumálum eru til húsa á skrifstofum viðkomandi lektors í Norræna húsinu. Útlán eru eingöngu með leyfi lektors. Umsjón hafði Sólveig Jónsdóttir. Eftirlit var einu sinni í mánuði.

Lesstofa í líffræði, Grensásvegi 12. Stofan var opin kl. 08–17. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson, og var viðvistartími hans kl. 10–12 á þriðjudögum og fimmtudögum.

Lyfjafræðideild í Haga. Bókasafn lyfjafræðideildar er handbókasafn kennara og nemenda í lyfjafræði. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var eftir þörfum.

Lögberg, bókasafn lagadeildar í Lögbergi. Opið var á vor- og haustmisseri kl. 10–18 en lokað yfir sumarmánuðina. Auður Gestsdóttir annaðist rekstur safndeildarinnar og var viðvistartími hennar kl. 8–13 þriðjudaga og fimmtudaga og kl. 10–12:30 á föstudögum. Guðmundur Ingi Guðmundsson hafði viðvist í safninu kl. 10–12:30 á mánudögum og miðvikudögum. Auk þess önnuðust laganemar gæslu safnsins hluta úr degi.

Hjúkrunarfræðideild. Bókasafn námsbrautar í hjúkrunarfræði var sameinað Bókasafni Landspítalans árið 1993 og hefur verið starfrækt þar síðan. Ritin eru þó áfram eign safnsins og laun tveggja bókavarða voru greidd af safninu. Bókasafn Landspítalans veitir læknadeild og hjúkrunarfræðideild bókasafnsþjónustu.

Námsbraut í sjúkraþjálfun, Skógarhlíð 10. Safnið er handbókasafn kennara og nemenda í sjúkraþjálfun. Það er opið á skrifstofutíma. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var tvisvar í mánuði.

Nýi Garður. Bókastofa Hugvísindastofnunar á 3. hæð Nýja Garðs var opnuð 1. nóvember. Bókastofan er lokað handbókasafn kennara í heimspekideild. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var eftir þörfum.

Oddi. Bókastofa félagsvísindadeildar á 2. hæð var opnuð 10. maí. Stofan er lokað handbóka- og tímaritasafn kennara í félagsvísindadeild. Umsjón höfðu Sigríður Lára Guðmundsdóttir og Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var einu sinni í viku.

Rannsóknarstofa í heilbrigðisfræði, Sóltúni 1. Safnið er lokað handbókasafn starfsmanna rannsóknarstofunnar. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var eftir þörfum.

Raunvísindastofnun Háskólans, Dunhaga 3. Safnið er handbókasafn starfsmanna stofnunarinnar. Umsjón hafði Sólveig Jónsdóttir. Eftirlit tvisvar í viku. Raunvísindastofnun greiddi safninu hluta af kostnaði vegna vinnu bókavarðar.

Rannsóknarstofa í lyfjafræði, Ármúla 30. Safnið er handbókasafn starfsmanna rannsóknarstofunnar. Starfsmaður rannsóknarstofunnar, Jóhanna Edvald, hafði umsjón með safndeildinni.

Verkfræði- og raunvísindadeild Bókasafnið í VRÍI við Hjarðarhaga var opið kl. 7–22 og kl. 07–18 um helgar. Umsjón hafði Siglinde Sigurbjarnarson, og var viðvistar-tími hennar daglega kl. 11:30–14:30. Í VRÍII er handbóka- og tímaritasafn kennara í raunvísindum. Umsjón með því hafði Sólveig Jónsdóttir. Eftirlit var 1–2 sinnum í viku.

ÞJÓÐDEILD

Hlutverk

Markmið þjóðdeildar er að varðveita íslenskan ritakost og veita aðgang að honum. Þjóðdeild hefur m.a. umsjón með aðaleintaki og varaeintaki íslenskra rita, sér um lestrarsal deildarinnar og þjónustu við fræðimenn sem þangað leita. Deildin annast um sérsöfn bókasafnsins.

Lánþegar

Fjöldi gesta á lestrarsali handrita- og þjóðdeildar voru 7.931 (7.230) á árinu. Lán á lestrarsal voru alls 13.505 (12.974). Fyrirspurnir og heimildaleitir voru 86 (112).

Starfsmenn deildar

Stöðugildi á þjóðdeild voru í árslok 2001 níu sem unnin voru af ellefu starfsmönnum. Nýir starfsmenn voru Sigurður Örn Guðbjartsson sem ráðinn var í lok maí til eins árs til að vinna við sérsafn Jóns Steffensen prófessors, og Margrét Guðjónsdóttir, Gíslína Jensdóttir og Guðlaug Einarsdóttir til að vinna við frágang varaeintakasafnsins í Reykholti. Yfir sumarmánuðina vann Íris Ellenberger, nemi við Háskóla Íslands, fyrir styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna að VESTNORD verkefninu. Hermann Bjarnason lét af störfum 31. júlí. Guðmundur Erlingsson vann frá 1. ágúst til 30. september en þá gekk Anna Halla Björgvinsdóttir til liðs við deildina.

Varaeintakasafn

Vinna við varaeintakasafn hófst 9. febrúar, og fór hún fram til að byrja með í Landsbókasafni. Vinna hófst 1. júní í Reykholti, þar eru þrír starfsmenn í tveimur stöðugildum. Margrét Guðjónsdóttir, þjóðfræðingur, í fullu starfi. Gíslína Jensdóttir og Guðlaug Einarsdóttir er skipta með sér einu stöðugildi. Um áramót hafði verið gengið frá 28.000 eintökum og þeim komið á hillur.

Bókminjasafn

Í bókasal Þjóðmenningarhúss hefur verið komið fyrir sýningarefni sem minnir á merkilega þætti í sögu íslenskrar ritmenningar og bókagerðar. Þar er að finna margar merkar útgáfur. Elstu tímaritin eiga þar fulltrúa, og kappkostað hefur verið að sýna þar fallett og vel unnið band. Keppikefli er að bækur helstu íslenskra höfunda sé þar að finna. Allar bækur þjóðdeildar sem standa í bókminjasafninu voru tengdar á árinu,

og gengið var frá fleiri bókum og tímaritum, t.d. safni Hjálmars Johnson og bókum prentuðum á Akureyri, öllum úr safni Þorsteins Jósepssonar í sérlega fallegu bandi.

Sérsöfn

Unnið hefur verið við sérsafn Jóns Steffensen frá lokum maí, og er áætlað að vinna við safnið standi fram á mitt ár 2002. Efni hefur verið flokkað, skráð og búið til bókbands. Úrklippum og leikskráum í safni Lárusar Sigurbjörnssonar var raðað, og er það efni nú aðgengilegt. Unnið hefur verið við merkingar á bókum í Fiskesafni, en þeim ekki lokið á árinu.

Lokið var við flokkun og röðun á óskráðu efni úr safni Benedikts S. Þórarinssonar, og tengingar á tímarritum í sama safni voru hafnar á árinu. Benedikt S. Benedikz færði safninu 250 ensk pund 2. desember til viðbótar við 500 pund á fyrra ári, og var þetta fé notað til að kaupa umbúðir um hið verðmæta póstkortasafn í sérsafni afa hans, Benedikts S. Þórarinssonar. Sigrún Á. Sigurðardóttir, ekkja Haralds Sigurðssonar, afhenti Landsbókasafni 12. september öll gögn viðvíkjandi samningum um *Kortasögu Ísland*.

Ýmislegt

Á árinu 2001 var flokkunarkerfi á svokölluðu „smælki“ endurskoðað og mörgum flokkum bætt við. Nýja kerfið var tekið í notkun í ársbyrjun 2002. Farið var yfir bókagjöf Þorvarðar Magnússonar og eintök valin í aðalkost þjóðdeildar svo og í bókminjasafn. Unnið var að eintakstengingu og staðsetningu á stökum, óbundnum tímaritum.

Sýningar þjóðdeildar

Í febrúar var sett upp sýningin *Snorri Sturluson – höfundur og höfðingi*. Sýningunni fylgdi lítill bæklingur ritaður af Hermanní Bjarnasyni starfsmanni þjóðdeildar.

Á jólafestu og fram að þrettándanum var sýning í forsal þjóðdeildar á jólaefni úr „smælki“ deildarinnar. Einkum var um að ræða jólakort og auglýsingar. Starfsfólki safnsins var boðið upp á ýmislegt góðgæti við opnun sýningarinnar. Bæklingur var gerður fyrir sýninguna af Ingibjörgu Gísladóttur starfsmanni þjóðdeildar.

KVENNASÖGUSAFN ÍSLANDS

Kvennasögusafn Íslands tók formlega til starfa í Þjóðarbókhöfuð 5. desember 1996. Erla Hulda Halldórsdóttir var ráðin forstöðumaður og gegndi því starfi til júní 2001 er Auður Styrkárstöttir var ráðin forstöðumaður. Í stjórnarnefnd safnsins 1999–2002 sitja Emilía Sigmarstöttir, fulltrúi Landsbókasafns, Sigríður Th. Erlendsstöttir, fulltrúi Rannsóknastofu í kvennafræðum, og Stefanía María Pétursstöttir, fulltrúi Kvenfélaga-sambands Íslands.

Kvennasögusafn hefur það að markmiði að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Það miðlar þekkingu um kvennasögu og aðstoðar þá sem til þess leita við öflun heimilda vegna rannsókna á sviði kvenna- og kynjafræða. Til safnsins leita einkum nemendur og fræðimenn sem vinna að stórum eða smáum rannsóknarverkefnum. Þá berast safninu fyrirspurnir frá einstaklingum sem fást við greina- og bókaskrif.

Kvöldvaka Kvennasögusafns var haldin í fyrsta sinni 5. desember 1996 með ljóðalestri, söng og fyrirlestrum fræðimanna á sviði kvenna- og kynjafræða og hefur síðan verið árviss viðburður í starfi safnsins. Alls höfðu 18 konur flutt erindi á kvöldvöku sem haldin hafði verið fimm sinnum í árslok 2001. Þá hafa skáldkonur lesið eigin ljóð og annarra, auk tónlistar sem flutt hefur verið af konum.

Á þeim árum sem Kvinnasögusafn hefur starfað í Þjóðarbókhöfu hefur það staðið fyrir nokkrum sýningum á gögnum og munum sem tengjast sögu kvenna (sjá kafla um sýningar og samkomur).

Kvinnasögusafn hefur átt gott samstarf við NIKK, Nordisk institutt for kvinne- og kjønnsforskning, en sú stofnun er rekin af Norrænu ráðherra nefndinni og hefur aðsetur í Osló. NIKK gekkst fyrir námsstefnu starfsmanna norrænna kvinnasögusafna í Gautaborg dagana 18.–19. október 2001, sem forstöðumaður Kvinnasögusafns sótti. Þar var ákveðið að hefja undirbúning að sameiginlegu verkefni norrænna kvinnasögusafna sem lúta mun að því að koma á framfæri upplýsingum um nýju kvinnahreyfinguna í máli, myndum og tónum. Forstöðumaður Kvinnasögusafns á sæti í nefnd þeirri er undirbýr verkefnið.

Kvinnasögusafn var útgefandi bókarinnar *Kvinnaslóðir* er út kom árið 2001 til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi. Erla Hulda Halldórsdóttir var einn ritstjórnari.

STOÐDEILDIR

Bókbandstofa

Starfsemi bókbandstofu var endurskipulögð á árinu 2000. Árið 2001 var haldið áfram að fara yfir verkferla í samvinnu við aðrar deildir safnsins og hagræða eftir því sem unnt var, og hefur það skilað mjög góðum árangri. Til að gera samanburð raunhæfan milli ára var ákveðið að gefa hverju verki ákveðið vægi er miðast við raunverulegan verktíma og þannig fæst heildartala sem er samanburðarhæf. Athuga ber að breytt var um vægisstuðul árið 2001 þannig að hann er 10 sinnum minni en áður var. Við samanburð á töflum yfir verkefni bókbandstofu árin 1999 og 2000 og töflu yfir verkefni stofunnar árið 2001 kemur fram að afköst bókbandstofu hafa aukist um 18,1% frá árinu 1999 til 2001. Í byrjun árs var samið við Bókbandstofu Einars Sigurjónssonar um band á 50 eintökum af útgáfu safnsins frá 1996 af Passíusálmum Hallgríms Péturssonar, og um framleiðslu á 50 öskjum fyrir innbundin eintök af sama riti.

Á bókbandstofu starfa yfirbókbindari, bókbindari, aðstoðarmaður bókbindara og aðstoðarmaður við kjalmerkingar rita. Tveir starfsmenn sem ráðnir voru með aðstoð atvinnuleysistryggingasjóðs unnu í hálfu starfi hvor, frá ágúst til áramóta, við frágang rita, einkum stífingu á kiljum. Stefán Jón Sigurðsson yfirbókbindari sótti Cornellháskóla heim dagana 5.–12. október og kynnti sér starfshætti þar.

Myndastofa

Starfsemi myndastofu var með óbreyttum hætti á árinu. *Morgunblaðið* er myndað á örfilmu jafnóðum og það kemur út. Haldið var áfram að mynda á örfilmu rit þjóðdeildar samkvæmt þeirri ákvörðun um forgangsröð við afritun sem tekin var árið 2000. Fyrir handritadeild eru mynduð handrit eftir þörfum og óskum deildarinnar. Lokið var við að mynda *Alþýðublaðið* frá júní 1986 til desember 1997 er útgáfu lauk og *DV* frá febrúar 1987 til janúar 1990. Stofan veitti aðstoð við sýningar á vegum safnsins. Myndastofa sá áfram um myndun handrita í Sagnaneti, en þótt það væri opnað 2. júlí var myndatöku ekki að fullu lokið um áramót. Á árinu hófst myndataka vegna nýs verkefnis, VESTNORD, en það felur í sér stafræna myndatöku á færeyskum, grænlenskum og íslenskum blöðum og tímaritum frá upphafi útgáfu þeirra fram til 1920. Um áramót höfðu um 10.000 blaðsíður verið myndaðar.

Á myndastofu starfar ljósmyndari og tveir starfsmenn við stafræna myndatöku. Tveir starfsmenn sem ráðnir voru með aðstoð atvinnuleysistryggingasjóðs unnu í hálfu starfi hvor frá ágúst til áramóta við örfilmumyndatöku.

Viðgerðarstofa

Á viðgerðarstofu var einkum unnið að forvörslu og viðgerðum einstakra handrita handritadeildar auk þess sem haldið var áfram að kanna og skrásetja ástand handritanna. Töluverð vinna var lögð í að bæta umbúnað handrita, m.a. með því að skipta gömlum umbúðum út fyrir nýjar. Sem fyrr var varðveislustjóri til ráðuneytis um varðveislu og umbúnað ritakosts Landsbókasafns, og unnið var að fullmótun nýrra áhersluatriða í bókbandi í samvinnu við aðrar deildir safnsins. Nicole Klinger, þýskur nemi í forvörslu við Fagurlistaskólann í Stuttgart, starfaði við forvörslu og viðgerðir á kortum og teikningum um sex vikna skeið haustið 2001. Á viðgerðarstofu starfar sem fyrr einn forvörður.

Fjölföldun og fjölföldunarstofa

Á fjölföldunarstofu var sem fyrr einn starfsmaður í fullu starfi, og er stofan opin safngestum hálfan daginn. Starfsmaðurinn hefur einnig umsjón með ljósritunarvélum starfsmanna og notenda, og öllum les- og lesprentvélum fyrir örfilmur og fisjur sem eru í safninu. Til stóð að endurnýja eina ljósritunarvél á annarri hæð með stafrænni ljósritunarvél, og var hún pöntuð í byrjun desember. Ekki tókst að fá hana afhenta fyrir áramót og verður hún því væntanlega sett upp janúar 2002. Enn eru í notkun þrjár ljósritunarvélar sem verið hafa í safninu frá því það var opnað 1. desember 1994. Brýnt er að hraða endurnýjun þeirra. Á árinu ágerðust vandamál vegna kortalesara fyrir ljósritunarkort. Mjög dýrt er að fá nýja lesara af sömu gerð og því nauðsynlegt að huga að annarri lausn.

Tölvuþjónusta – Upplýsingakerfi Landsbókasafns

Í desember 2000 var samið við EJS um rekstrarleigu á 30 einkatölvum og kaup á öðrum 30, ásamt hugbúnaði fyrir allar starfsmannatölvur, þ.e. Windows 2000 Professional stýrikerfi og Office 2000 Standard skrifstofuhugbúnaði. Í byrjun ársins voru þessar tölvur teknar í notkun hjá starfsmönnum og var þá lokið við að skipta um elstu tölvur starfsmanna sem voru frá því að safnið var opnað 1. desember 1994. Að þessu loknu er allur tölvubúnaður starfsmanna og notenda safnsins í mjög góðu horfi. Töluverð vinna var lögð í að aðlaga hugbúnaðinn þörfum safnsins. Í lok ársins var ákveðið að gera nauðsynlegar endurbætur á netkerfi safnsins til að auka hraðann í 1 Gbit/s milli leiðargreina og 100 mbit/s frá leiðargreini í tölvu, og jafnframt að kaupa nýjan net- og skráarþjón fyrir starfsmenn ásamt vefþjóni og töluverðu diskarámi. Einnig var ákveðið að kaupa tölvur og prentara í stað þeirra Gegnisskjáa og prentara sem úreldest þegar nýtt bókasafnskerfi verður tekið í notkun í lok ágúst 2002. Í júní var opnaður endurnýjaður vefur safnsins, gerbreyttur að hönnun og innihaldi. Svo-kallað innra net safnsins sem inniheldur upplýsingar, leiðbeiningar og fleira efni til að auðvelda störf og upplýsingamiðlun innan safnsins var opnað 30. nóvember, og var vefnum gefið nafnið *Inngangur*. Einnig var unnið að því að koma upp vefsíðum með leiðbeiningum um notkun tölvukerfa safnsins fyrir starfsfólk og safngesti. Það verk var langt komið um áramót og verður væntanlega tilbúið í byrjun árs 2002. Unnið var að skilgreiningu á framtíðarformi hins stafræna hluta safnsins þannig að hann þjóni sem best því hlutverki sem honum er ætlað, sérstaklega m.t.t. nauðsynlegra lýsigagna sem fylgja verða stafrænu efni sem varveitt er til framtíðar. Því miður lét sá starfsmaður af störfum sem vann að þessu verkefni, og í árslok var ekki búið að ráða starfsmann í hans stað. Einn starfsmaður vann við hönnun og forritun við VESTNORD verkefnið og við vefsöfnunarverkefnið NWA (Nordic Web Archive), einn starfsmaður vann við gerð vefsíðna og almenn forritunarstörf, einn starfsmaður við umsjón með

tölvukerfum safnsins, og megnið af árinu var einn starfsmaður í hálfu starfi við aðstoð við notendur og umsjón með tölvukerfum safnsins .

Kerfisþjónusta

Ákveðið var í desember 2000 að semja við Ex Libris í London um kaup á bókasafnskerfinu Aleph 500 til afnota fyrir öll bókasöfn landsins. Samningar voru undirritaðir 3. maí, og var þá vonast til að uppsetning kerfisins gæti hafist upp úr miðju sumri 2001 og að Landsbókasafn myndi fyrst safna taka hið nýja kerfi í notkun í mars 2002. Það kom þó fljótlega í ljós að það myndi ekki takast og að fresta yrði að taka kerfið í notkun þar til í fyrstu viku maí 2002. Sú dagsetning byggðist á ákveðnum forsendum um uppsetningu tölvubúnaðar og hugbúnaðar fyrir bókasafnskerfið. Þær stóðust ekki, og í desember var ljóst að ákveða þyrfti nýja dagsetningu og að svo yrði gert í byrjun ársins 2002. Helstu eignaraðilar hins nýja kerfis, þ.e. ríki og sveitarfélög, ákváðu að stofna hlutafélag um rekstur þess. Það var stofnað 14. nóvember og nefnist Landskerfi bókasafna hf. Eitthvað fór úrskeiðis við skráningu hlutafélagsins, þannig að í árslok var ekki búið að skrá það formlega og það því ekki komið með kennitölu. Þetta er mjög bagalegt því það tefur ýmsar aðgerðir og framkvæmdir sem nauðsynlegt er að vinna að. Meðal annars hefur þetta valdið því að þeir þrír starfsmenn sem í júlí voru ráðnir á vegum menntamálaráðuneytis til að sjá um kerfisþjónustu við hið nýja kerfi voru um áramót án ráðningarsamnings við Landskerfi bókasafna, og voru tveir þeirra formlega ráðnir hjá Landsbókasafni og einn hjá Borgarbókasafni, gegn endurgreiðslu launa þeirra síðar. Um miðjan desember var auglýst eftir framkvæmdastjóra Landskerfis bókasafna sem yrði fjórði starfsmaðurinn.

Einn kerfisbókavörður sinnti á árinu hefðbundinni kerfisþjónustu Gegnis. Hann hefur einnig unnið mikið starf ásamt ýmsum starfsmönnum safnsins bæði við að undirbúa yfirfærslu gagna úr Gegni í nýja kerfið og við margvíslegan annan undirbúning vegna kerfisskiptanna.

Rafræn gögn

Landsbókasafn kaupir aðgang að fjölmörgum rafrænum gagnasöfnum og tímaritum, ýmist með þátttöku í landsaðgangi, samvinnu við önnur söfn og stofnanir eða eitt sér. Á árinu var endurnýjaður samningur safnsins við Cambridge Scientific Abstracts og þá bætt við aðgangi að tveimur gagnasöfnum, þ.e. Econlit (gagnasafn á sviði hagfræði) og ARTbibliographies Modern (gagnasafn á sviði nútímalista, ljósmyndunar og hönnunar). Eftirfarandi er stutt greinargerð um landsaðgang að gagnasöfnum og tímaritum og hlutverk Landsbókasafns varðandi umsýslu með þeim samningum. Varðandi nánara yfirlit yfir störf Verkefnisstjórnar um aðgang að gagnasöfnum og þess starfsmanns sem Landsbókasafn leggur til er vísað á vef Verkefnisstjórnar *hvar.is*.

Verkefnisstjórn um aðgang að gagnasöfnum samdi á árinu um landsaðgang að tveimur nýjum gagnasöfnum og við sex tímaritaútgefendur um landsaðgang að um 3.200 rafrænum tímaritum, og hefur þar með náðst umtalsverður árangur hvað snertir aðgang háskóla og annarra fræðastofnana að vísindaeftir og jafnframt aðgang allra landsmanna að hvers konar fróðleik og upplýsingum. Verkefnisstjórn samþykkti þann 25. janúar starfsáætlun fyrir árið 2001, og er þar lögð áhersla á að koma umsýslu umsamdra gagnagrunna og framkvæmd samninga í fast form, en það felur m.a. í sér:

1. Að annast samskipti við viðsemjendur landssamninga að samningsgerð lokinni varðandi framkvæmd hvers samnings.
2. Annast þjónustu og leiðbeiningar við notendur, tryggja að aðgangur að gögnum sé í samræmi við gerða samninga, hafa eftirlit með að farið sé að notkunarreglum

sem um gögn gilda, fylgjast með notkun gagna og halda til haga tölfræðilegum upplýsingum um hana.

3. Útfæra stefnu um kostnaðarhlutdeild aðila á grundvelli minnisblaðs verkefnisstjórnar til menntamálaráðherra dags. 27. desember 2000 vegna aðgangs að gögnunum, annast innheimtu greiðslna frá þátttakendum og inna af hendi greiðslur til birgja samkvæmt samningum.

Að fyrirlagi Verkefnisstjórnar tók Landsbókasafn að sér framkvæmd þessara verkþátta, og í ársbyrjun hóf störf starfsmaður sem ráðinn var til að sjá um þessi mál. Hefur hann séð um samskipti við byrgja og notendur og um kynningarstarfsemi, en mikilvægur þáttur í starfinu hefur verið að koma upp vef Verkefnisstjórnar *www.hvar.is*. Stefna um kostnaðarhlutdeild vegna aðgangs að rafrænum gagnasöfnum var útfærð í samræmi við kostnaðarskiptingarlíkan skv. minnisblaði Verkefnisstjórnar til menntamálaráðherra dags. 27. desember 2000, og hinn 10. apríl 2001 voru sendir út reikningar vegna þessa aðgangs fyrir árið 2001, ásamt skýringarbréfi, til 243 bókasafna, stofnana og fyrirtækja, samtals að upphæð 31 millj. kr. Sú innheimta skilaði mjög misjöfnum árangri, og 30. janúar 2002 höfðu innheimst um 17,4 millj. kr. eða 56,3%. Háskólabókasöfn og framhaldsskólabókasöfn greiddu sinn hluta en rannsóknarbókasöfn og stjórnslá ekki að því marki sem vænst hafði verið. Almenningsbókasöfn hafa greitt megnið af því sem þeim var ætlað, en þó sáu nokkur stór söfn í nágrenni Reykjavíkur sér ekki fært að greiða það sem þeim var ætlað. Erfitt reyndist að fá atvinnulífið til að greiða þann fjórðung sem talið var eðlilegt að það bæri. Kostnaðarhlutdeild vegna landsaðgangs að rafrænum tímaritum byggist á því að útgefendur sem samið var við um landsaðgang verðleggja hann sem viðbótarkostnað við þær áskriftir að prentuðum tímaritum sem voru í landinu árið 2001. Skipting þessa viðbótarkostnaðar sem nemur um 11 millj. kr. er framkvæmd á þann veg að honum er skipt á þau bókasöfn og fyrirtæki sem verið hafa áskrifendur að tímaritum þeirra útgefenda sem samið var við, og er greiðslan í réttu hlutfalli við upphæð áskriftar. Menntamálaráðuneyti lagði til þrjár milljónir króna til að af þessu gæti orðið, og má líta á það sem greiðslu fyrir almenn afnot tímaritanna. Reikningar ásamt skýringarbréfi voru sendir út 20. ágúst 2001. Var heildarupphæðin tæplega 8 millj. kr. og innheimtust 7,5 millj. kr.

Landsbókasafn hefur fyrir hönd Verkefnisstjórnar séð um að greiða alla reikninga frá þeim birgjum sem skipt er við þannig að engin vanskil eru við upplýsingasala. Þetta hefur valdið verulegri röskun á fjárhag safnsins, því í árslok nam skuld Verkefnisstjórnar við safnið um 25,7 millj. kr. Fyrirsjáanlegt er að þessi skuld muni aukast nokkuð á árinu 2002 ef ekkert verður að gert.

ÞRÓUNARVERKEFNI Í UPPLÝSINGATÆKNI

Sagnanetið

Björn Bjarnason menntamálaráðherra opnaði Sagnanetið formlega 2. júlí 2001 (sjá *Ritmennt* 6 (2000), s. 142–46). Í tilefni af því var haldið í Þjóðarbókhöðu málþing um Sagnanetið, og fluttu þar erindi H. Thomas Hickerson frá Cornell-háskóla, Krístrún Gunnarsdóttir, Sveinn Agnarsson, Sigurgeir Steingrímsson og Þorsteinn Hallgrímsson. Krístrún kynnti notendakönnun sem gerð var fyrri hluta ársins og Sveinn kynnti efnahagslega könnun sem Hagræðistofnun Háskóla Íslands gerði. Í Cornell-háskóla var Sagnanetið formlega opnað 13. september. Við Sagnanetið unnu fimm starfsmenn í 3,25 stöðugildum við skráningu og tveir í einu og hálfu starfi við myndatöku. Þótt verkefninu væri formlega lokið var unnið við skráningu handrita fram í september, og einnig var nokkuð unnið við myndatöku samhliða VESTNORD verkefninu út árið. Í

árslok höfðu verið skráð í bókfræðigrunninn Gelmi samtals 1.125 handrit með um 240.000 blaðsíður, þar af voru 483 handrit frá Árnastofnun. Í gagnagrunninum voru 217.270 blaðsíður úr 602 handritum Landsbókasafns og 310 handritum Árnastofnunar sem myndaðar voru í Landsbókasafni. Nokkur þúsund blaðsíður voru myndaðar í Árnastofnun, en þær voru ekki komnar í gagnagrunninn. Lokið verður við að mynda þau handrit sem eftir eru á fyrstu mánuðum ársins 2002.

VESTNORD (Tímarit og blöð á Netinu)

Verkefnið hófst sumarið 1999 og hlaut þá styrk frá RANNÍS, og síðla sama ár fékkst styrkur frá NORDINFO til að vinna að verkefninu á árinu 2000. Í desember 2000 veitti NORDINFO viðbótarstyrk til verksins vegna áframhaldandi vinnu við það á árinu 2001. Vonast var til að á árinu 2001 tækist að ljúka allri umgjörð verksins og einnig megninu af forrituninni. Það gekk ekki að fullu eftir, en lokið var við forritun vegna myndatöku, úrvinnslu mynda og skráningar efnis. Á árinu 2002 verður lokið við að forrita vefviðmót verkefnisins. Forrit til skráningar voru þýdd á færeysku og dönsku og sett upp í Færeyjum og á Grænlandi. Verulegt átak var gert í skráningu, sérstaklega á Íslandi, því Nýsköpunarsjóður námsmanna veitti safninu styrk til skráningar á efni fyrir VESTNORD. Iris Ellenberger vann að skráningu blaða og tímarita í þrjú mánuði. Í lok ársins höfðu verið skráðir 93 titlar af u.þ.b. 200, samtals 144.112 blaðsíður. Í Færeyjum höfðu verið skráðir sex titlar og á Grænlandi tveir. Í lok ársins höfðu alls verið myndaðir 22 titlar með 9.671 síðum, fjórir titlar með 1.579 síðum frá Færeyjum, einn titill með 878 síðum frá Grænlandi og 17 titlar með 7.214 síðum frá Íslandi. Tveir vinnufundir voru haldnir, í Færeyjum í apríl og á Grænlandi í nóvember. Einnig tóku verkefnisstjóri og forritari þátt í vinnufundum TIDEN verkefnisins í Stokkhólmi í mars og í Helsinki og St. Mikkeli í október.

Gert er ráð fyrir að ljúka verkinu árið 2003. Auk fyrrgreinds starfsmanns við skráningu vann einn starfsmaður í fullu starfi við hönnun og forritun, og síðustu mánuði ársins unnu tveir starfsmenn að myndatöku. Í Færeyjum og Grænlandi var unnið að skráningu efnis sem þaðan kemur.

Vefsöfnun

Á árinu 2000 ákváðu norrænu þjóðbókasöfnin að safna hvert fyrir sig öllum vefsíðum hvers lands sem almennur aðgangur er að og vista þær til frambúðar í vefsíðusafni. Sumarið 2000 sóttu þjóðbókasöfnin sameiginlega um styrk til NORDUNET2 til þess að gera efnisyfirlit yfir hinar vistuðu vefsíður, svo og leitar- og aðgangsforrit sem gera notandanum kleift að vinna með vefsafnið á svipaðan hátt og við hinn raunverulega vef. NORDUNET2 veitti verkefninu 14 millj. kr. styrk, en þjóðbókasöfnin leggja fram 6 millj. kr. Verkefnið hófst í árslok 2000, og áætlað var að ljúka því í ársbyrjun 2002, en því var frestað fram á mitt ár 2002. Til að geta notað þá lausn sem þróuð verður þarf safnið að safna íslenskum vefsíðum, vista þær í vefsafni og gera þau forrit sem nauðsynleg eru til að aðlaga íslenska vefsafnið að NORDUNET2 lausninni. Safnið hóf síðla árs 2000 undirbúning að íslensku vefsafni, og snemma árs 2001 var sett upp söfnunarforrit og unnið að prófunum á því. Forritið virkaði ekki sem skyldi, og lá söfnun niðri frá því í apríl fram í október, en þá var ný og endurbætt gerð söfnunarforritsins tekin í notkun og söfnun vefsíðna hafin á ný. Ekki náðist fyrir lok ársins að vinna úr því efni sem safnaðist og fullkanna virkni söfnunarforritsins. Þær athuganir sem náðist að gera lofa þó góðu um framhaldið.

REKSTUR HÚSS OG LÓÐAR

Hlutverk

Hlutverk hússtjórnar er að sjá um viðhald og rekstur hússins, hafa umsjón með kerfum, annast samskipti við þjónustuverktaka, vöktun og ýmsa þjónustu við starfsmenn. Starfsmenn við húsrekstur eru fjórir eins og á síðasta ári.

Framkvæmdir

Í ársbyrjun voru settar upp myndir af fyrrverandi landsbókavörðum í fundarherbergi á 2. hæð. Myndirnar eru eftirtökur og allar í sömu stærð. Í marsmánuði var tekin ákvörðun um að setja hillur í kjallaraganga. Mikið af vörubrettum með alls konar efni sem átti eftir að fara yfir hafði verið komið fyrir á göngunum. Átak var í gangi við að flokka efnið og var það langt komið. Var talið til bóta að setja upp hillur á göngunum sem nýta má með ýmsum hætti, t.d. til flokkunar og fyrir efni sem biður úrvinnslu. Sett voru upp 39 stafgólf eða um 180 hillumetrar. Tón- og mynddeild fékk sex tvöfalda skápa með hurðum til geymsu á hljómplötum og Kvennasögusafni var úthlutað geymslu þar sem sjúkrahherbergi átti upphaflega að vera, þar voru sett þrjú stafgólf. Umræður höfðu verið í gangi um að nýta handritageymslu í kjallara betur. Ljóst var að geymslan væri illa nýtt. Í innri hluta hennar voru þrjár stakar hillustæður með samtals um 150 hillumetrum. Bil milli hillustæða var um 110 sm. Með því að skipta þessum hillum út fyrir þéttiskápa var hægt að auka hillupláss í a.m.k. 480 hillumetra. Haft var samband við Rými ehf. sem sendi tilboð upp á rúmar tvær milljónir króna með uppsetningu á sjö færanlegum hillurekkum og einum föstum. Í júnímánuði var ákveðið að ganga að tilboði Rýmis, og áttu verklok að vera í lok nóvember. Við þessa aðgerð losnaði um hillur og var ein hillustæða sett upp í tón- og mynddeild á 4. hæð. Veggklukkur voru keyptar og settar upp í lessali þjóð- og handritadeildar. Leitað var til Frostverks um úrbætur vegna kælipressa í afgangsluborðum í veitingastofu og mótuneyti. Mikill viðhaldskosnaður og há bilanatiðni var komin á kælipressurnar, í veitingastofu var mikill hávaði og óþægilegur hiti stafaði af þeim. Niðurstaðan var að „sameina“ allar pressur í eina sem staðsett yrði á 1. hæð í rými framan við sorpgeymslu. Tilboð barst frá Frostverki upp á 870 þúsund krónur og var verkið unnið í júnímánuði. Í framhaldi var samið við þá um að færa frystipressu fyrir frysti í kjallara á sama stað. Frostverk annaðist einnig endurnýjun á skúffubrautum í veitingastofu. Í lok maí var Stálsmiðjunni falið að gera endurbætur á gluggum í stigahúsum 1 og 4. Gluggar hafa lekið frá upphafi, rakaskemmdir voru komnar í gluggakarma og vegg. Búið var áður að gera við suðurglugga í stigahúsum 2 og 3, og tókst að komast fyrir allan leka. Stálsmiðjan vann verkið í júní. Frágangur glugga var endurhannaður, og verður tíminn að leiða í ljós hversu árangursrík viðgerðin er. Skipt var um rúðu í stigahúsi 2 á 4. hæð, en sprunga var komin í innra glerið, var tækifærið notað þegar Stálsmiðjumenn voru að vinna við þetta stigahús og þeir fengnir til að vinna verkið. Á sumarmánuðum voru allar fjóru stóru loftræsisamstæðurnar yfirfarnar. Skipt var um síur, dælur í rakatækjum voru teknar úr, þær yfirfarnar og skipt um legur í þeim. Rakaskiljur voru teknar úr og hreinar skiljur settar í. Vatnshluti loftsamstæðanna var hreinsaður og botn málaður en þetta hafði ekki verið gert áður. Botninn er úr galvaniseruðu járn og var byrjaður að ryðga. Samstæðurnar voru allar hreinsaðar að utan. Þegar því var lokið voru gólf lökkuð. Einnig var skipt um legur í útsogsblásurum á 5. hæð. Skipt var um ljósaperur í loftabölum og jaðarlýsingu á öllum hæðum. Einnig í loftljósum í kjallara. Þéttar í ljósum í kjallara voru gallaðir og hefur þeim verið skipt út. Neyðarlýsingargbúnaður hússins var yfirfarinn og endurnýjaður að mestu, en galli í

búnaðinum kom í ljós fljótlega eftir opnun hússins. Skipt var um rafgeyma í aðgangskerfi og varaafgjafa fyrir hússtjórnartölvu. Lýsing í anddyri var aukin, sett voru tvö innfeld ljós í loftapanel innan við rennihurðina. Ýmis störf falla stöðugt til fyrir rafvirkja hússins, ýmist viðhald eða endurbætur og breytingar. Hefur hann að jafnaði unnið um 30 klst. í hverjum mánuði á árinu. Í apríl var bætt við lýsingu í bókbandi. Birtumæling sýndi að birta á vinnusvæðum var frá 380 lúxum og hæst 800 lúx. Vinnueftirlit ríkisins hafði verið kallað til af starfsmönnum bókbands og fór fram á úrbætur. Birta á þessum stöðum á að vera 1000–1500 lux. Í júlí var bætt við eftirlitsmyndavél í veitingastofu, og vél yfir öryggishliði var endurnýjuð. Einnig var bætt við búnaði sem gerir kleift að auka tíðni upptaka á myndbandstæki og nú er mögulegt að fylgjast með fleiri myndavélum á skjá vaktmanna. Glerlistaverk í veitingastofu var sent til viðgerðar. Gler í verkinu voru mjög svög og voru farin að brotna. Gert var við listaverkið og það styrkt með því að setja glært gler í rammann á bak við listglerið því til stuðnings. Í lessal þjóðdeildar var komið fyrir nýuppgerðum munum úr gamla Landsbókasafninu í Safnahúsinu við Hverfisgötu, þ.e. borði stólum, og spjaldskrárskápum. Í spjaldskrárskápunum var komið fyrir gömlum spjaldskrár til varðveislu. Veggmerking var sett við munina. Leitað var tilboða í kortaskápa fyrir þjóðdeild og einnig skoðaður kostnaður við að fjölga grindum í korta- og myndageymslu. Sjálfsafgreiðsluvél sem staðsett var á 4. hæð var í desember flutt niður á 2. hæð þar sem hún var upphaflega, en þar er fyrir önnur vél. Í mötuneyti var settur upp salatbar, og keyptur var nýr vandaður áleggshnífur. Í desember var ný 11 metra há fánastöng sett í stað þeirra gömlu sem þótti of stutt, en hún var 9 metrar. Var nýja stöngin „vígd“ á jóladag. Ákveðið var líka að kaupa stóran fána til viðbótar við tjúgufánann.

Þrif

Þrif á teppum hófust að venju eftir prófannir að vori. Að þessu sinni var notuð ný aðferð. Undanfarin ár hafa teppin verið þurrhreinsuð en ákveðið var að þvo þau með vél sem þvær með sápu, skrúbbar og skolar með meiri krafti en áður. Vélin er tengd við sugu sem er í dælubíl staðsettum fyrir utan húsið. Þaðan eru leiddar slöngur inn í húsið. Vélin hitar vatnið, blandar í það sápu eftir óskum, sprautar og sogar. Gerð var prufa á 2. hæð sem var látin standa í nokkurn tíma. Tókust þrifin mjög vel, og var ákveðið að taka flest álagssvæði með þessari aðferð. Teppin innan við inngang inn á 3. og 4. hæð eru verst farin. Styttist í að taka verði ákvörðun um hvernig staðið verði að endurnýjun teppanna þarna eða hvort einhver önnur aðferð komi til greina. Fyrirtækið Skúfur sá um teppahreinsunina.

Að áliti ræstingarstjóra var kominn tími til að leysa upp bón á korki á starfsmannagangi 1. hæðar þar sem óhreinindi voru komin í bónið. Starfsmenn ISS Íslands voru fengnir í verkið, og áttu þeir síðan að bóna yfir ganginn. Í stuttu máli mistókst bónleysingin vegna notkunar á of sterkum bónleysi sem leysti upp lakkið með þeim afleiðingum að pússa þurfti allt lakk af og lakka korkinn aftur. Kosnaður féll á ISS Ísland að undanskildu tilboðsverðinu í bónleysinguna.

Tilboð var fengið hjá ISS Ísland í þrif á notendatölvum, prenturum og ljósrítunarvélum og var ákveðið að reyna þessa nýju þjónustu. Verkið var unnið eftir prófannir í desember.

Ræsting hússins er í nokkuð föstum skorðum, og er lítið um kvartanir. Aukið var við þrifin á haustmánuðum vegna mikils álags, og bætt var við helgarþrifum. Á laugardögum er farið yfir snyrtingar, veitingastofu, nestisstofu á 4. hæð, þurrkað af borðum og stólum raðað. Á sunnudögum er farið í nestisstofu, gönguleiðir ryksugaðar, þurrkað af borðum og stólum raðað.

Rauða klæðningin utan á húsinu var þrifin með kústi um leið og gluggar.

Sorphirða var með sama hætti og áður. Gámaþjónustan sér um losun þriggja 1.100 lítra kara, eitt er fyrir tímarit, bækur og dagblöð, eitt fyrir gæðapappír og eitt fyrir blandaðan úrgang. Samtals nam losun úrgangs Gámaþjónustunnar á árinu 15.110 kg. Hreinsunardeild borgarinnar sér um að tæma sorptunnur. Kosnaður við losun sorps á árinu var um 20% hærri en árið áður þrátt fyrir um 1.000 kg minni úrgang.

Ýmislegt

Á fyrsta starfsdegi ársins var að venju farið yfir öryggiskerfi hússins, brunabjöllur prófaðar, eldvarnartjöld á 2. hæð látin síga, brunastöð yfirfarin, sprinklerdælur prófaðar o.fl. Starfsmenn í afgreiðsluborðum fengu sérstaka kennslu varðandi þann búnað sem er þar. Einnig var farið yfir helstu atriði vegna rýmingar hússins við brunaboð og rætt um eldvarnarbúnað safnsins. Ákveðið var að hafa sama hátt á að ári.

Lóð

Ummönnun lóðar er hjá garðyrkjumanni háskólans með sama hætti og undanfarin ár. Lögð var áhersla á að klippa og grisja vel runna í skrudgarðinum. Gangstétt að austanverðu við húsið er með reglulegu millibili rifin upp og hellum fleygt í síkið. Eftir að síkið var tæmt féllu þessi spellvirki niður.

Bílastæði

Ekkert hefur rofað til í bílastæðamálum. Alltaf er nokkuð um að bifreiðum sé lagt ólöglega, á gangstéttum og á grasflötum. Nokkuð er um að Bílastæðasjóður Reykjavíkurborgar sekti eigendur bifreiða sem lagt hefur verið uppi á gangstéttum sem eru í eigu borgarinnar, og berast kvartanir frá safngestum og jafnvel starfsmönnum safnsins. Tvisvar þurfti að moka snjó af bílastæðunum í desember.

Varaeintakasafn í Reykholti

Í maí og júní var komið upp vinnuástöðu fyrir starfsfólk varaeintakasafns í Reykholti. Keyptur var skrifstofubúnaður frá GKS og búnaður í kaffistofu. Í vinnuástöðu voru keyptar borðgrindur frá Sindra og trésmiðjan Grein smíðaði borðplötur og skúffuskápa fyrir umbúðir o.fl. Hillur til flokkunar í vinnurými voru til í Þjóðarbókhöllu, og voru þær settar upp ásamt öðrum búnaði. Brettatjakkur, borðvagnar og bókavagnar voru keyptir hjá Léttitækni og slökkvitæki hjá Öryggismiðstöðinni. Símsstöð og símtæki voru keypt hjá Nýherja.

Við skoðun á öryggisþáttum í húsinu var farið fram á að fjölgað yrði hreyfiskynjurum, vatnsnemum, nemum sem sýndu stöðu hurða inn í bókarými og að lagt yrði fyrir síma og tölvulögnum í bókaeymslur. Einnig var lagt til að myndavélar yrðu settar upp utan á húsinu sem vöktuðu umferð í kringum það. Myndavélar fengust ekki settar upp en annað var lagfært. Rafverktakafyrirtækið Glitnir í Borgarnesi sér um að þjónusta öryggiskerfið, en nokkuð var um feilboð frá kerfinu fyrstu mánuðina m.a. vegna galla í skynjurum. Samið var við Öryggismiðstöðina um fjargæslu, sem felur í sér að þeir vakti brunaboð, innbrotboð og vatnsboð. Þeir fá símanúmer hjá þremur aðilum sem þeir geta hringt í ef boð berast til þeirra. Fyrst er hringt í umsjónamann húss og lóða í Reykholti, en honum er ætlað að annast álmu varaeintakasafnsins. Kristinn Hannesson, sem býr í Reykholti, er annar í röðinni og þriðji aðilinn er starfmaður safnsins á staðnum.

Brunakerfi hússins er ekki komið í notkun. Verið er að byggja vatnstank sem ætlaður er fyrir vatnsveitu fyrir nærliggjandi hús og til að fæða vatnsúðunarkerfið (sprinklerkerfið). Ekki er vitað hvernig staðan er á þeim framkvæmdum en þeim miðar hægt. Loka brunaúttekt hefur ekki farið fram. Ekki er búið að ganga frá lykla-

kerfi þrátt fyrir þrýsting af hálfu safnsins, og stendur það mál upp á menntamálaráðuneytið.

Kristján Kristjánsson sendibílstjóri, sem lengi hefur keyrt fyrir safnið og sá m.a. um flutning safnkosts úr Safnahúsinu við Hverfisgötu í geymslu í Laugarnesi, hefur séð um flutninga til Reykholts fyrir fast verð og notar til þess vel útbúinn sendibil af stærstu gerð. Aðstæður í Reykholti eru með þeim hætti að erfitt er að koma flutningabílum að. Til að hægt sé að keyra vörubretti inn í húsið þarf lyftan á bílnum að vera sérstaklega löng.

